



BÓNDAVARÐAN

25. NÓVEMBER 2022. 21. ÁRGANGUR

MÚLAÞING

Gleðilega
hátíð



KÆRU ÆGNAR DJÚPAVOGS Í MÚLAÞINGI

NEFNDIN KYNNIR ÞORRABLÓT ~~2021~~, ~~2022~~, 2023!

LAUGARDAGINN 4.FEBRÚAR Á HÓTEL FRAMTÍÐ

TAKIÐ ÞAGINN FRÁ!



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar!

Nú er hafið nýtt kjörtímabil og það fyrsta heila í okkar sveitarfélagi. Eins og gengur þá urðu ákveðnar mannabreytingar í kosningunum í vor og um leið og ég þakka þeim er hurfu frá borði gott og gefandi samstarf þá fagna ég þeim er komu ný inn. Eins og ég hef fundið áður þá er það eitt sem á sameiginlega við um allt það ágæta fólk sem hefur kosið að taka þátt í þessu starfi og það er metnaður fyrir því að efla okkar ágæta samfélag til framtíðar.

Unnið hefur verið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstu fjögur árin frá því í vor. Rammi fjárhagsáætlunar var samþykktur í sveitarstjórn í lok júní og hefur síðan verið unnið að því af fagráðum og starfsfólki sveitarfélagsins að aðlagða bæði rekstur og fjárfestingar að þessum ramma.

Bæði stjórnendur og kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins eru meðvitaðir um mikilvægi þess að haga rekstri sveitarfélagsins þannig að það verði sjálfbært til lengri tíma lítið. Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun Múlaþings fyrir árin 2023-2026, sem hefur verið tekin fyrir í fyrri umræðu í sveitarstjórn, er mótuð samkvæmt þessari sýn. Þrátt fyrir að verðbólga sé töluvert umfram það sem við sáum fyrir er unnin var fjögurra ára áætlun fyrir ári síðan, þá er útlit fyrir að rekstur A-hluta (sveitarsjóður) verði

jákvæður á árinu 2024. Rekstur samstæðu A og B-hluta (sveitarsjóður + veitur, hafnir, hjúkrunarheimili, félagslegar íbúðir o.fl.) skilar jákvæðri afkomu þegar í dag og mun það ekki breytast.

Megin áherslan í okkar vinnu er að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær til framtíðar og ein leið til þess er að vægi eigin fjár aukist í fjármögnun fjárfestinga á vegum sveitarfélagsins. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu eiga þessi markmið að nást og sveitarfélagið stenst og mun standast öll þau fjárhagslegu viðmið sem sett hafa verið af stjórnvöldum og mikilvægt er að virða.

Eðlilega þá er það svo að ekki verður hægt að gera allt í þeirri röð eða innan þeirra tímamarka sem allir hefðu kosið. Því hefur, auk fjögurra ára áætlunar, verið unnin tíu ára fjárfestingaráætlun þar sem skilgreind er öll sú fjárfesting innviða sem talið er að ráðast þurfi í. Ég lít svo á að tíu ára áætlunin sé og verði lifandi plagg og verði tímasetningum einstakra fjárfestinga mögulega breytt ef tekju- og rekstrarforsendur breytast. Stóra málið er, og því megum við ekki gleyma, að við vinnum að þessum málum með ábyrgum hætti.

Að þessu sögðu þá óska ég okkur öllum farsældar og gleðilegra komandi stunda, er munu fela í sér aðdraganda jóla, jólahátíð og nýtt ár. Ég fagna því að fá tækifæri til samstarfs og samskipta við ykkur áfram.

Sveitarstjóri.

LEIÐARI FRÁ RITSTJÓRA



Vinna og vinnusemi er vangavelta dagsins. Vinna nær í grunninn yfir verkefni sem einstaklingur tekur að sér til að ná settu markmiði. Eða í raun að leggja eitthvað á sig, vinna einhverskonar verk í einhverjum ákveðnum tilgangi.

Í íþróttunum þá snýst þetta um að vinna meira, fara hraðar, hærra, sterkar. Verða best. Hugarfarið er skýrt að þú uppskerð ekkert án erfiðis, án vinnu. Það er vinna að verða afreksíþróttamaður og það kostar vinnu og fórnir. Og stundum, bara stundum, áttu erindi sem erfiði og fórnirnar borga sig. Allavega um stundarsakir.

Phit Laut, bandarískur rithöfundur sem skrifar mikið um fjármál, hefur skilgreint vinnusemi sem „að gera eitthvað sem þú vilt ekki gera“. Hann segir að til að starfa af heilindum ættum við öll að hætta að vinna og fara að gera það sem okkur langar til. Þetta styður við það sem við höfum mörg eflaust heyrt, algengt ráð til ungs fólks með framtíðina fyrir sér, að finna sér eitthvað sem það brennur fyrir, eitthvað sem það elskar og finnst skemmtilegt. Læra það, verða góð í því og gera það að starfi sínu. Þá þarf það ekki að vinna það sem eftir er ævinnar.

Þetta vinnur gegn vinnusiðferðinu sem er ríkjandi í vestrænu samfélagi sem okkar. Vinnusiðferði sem má eflaust helst þakka Púrítönum. Vinnuhættir sem sum segja að hafa byggt upp velmegun Bandaríkjanna. Púrítanar voru strangari en aðrir Kalvínistar innan ensku kirkjunnar. Þeir aðhylltust löghyggju, sjálfstjórn og guðrækilegt líferni. Púrítanarnir trúðu að vinnusemin væri verkefni lífsins. Ef þú leggur hart af þér og vinnur eins og skepna, þá verðlaunar Guð þig með veraldlegum auði og hamingju.

Þetta hugarfar hefur einnig skilyrt okkur til þess að hugsa um hamingjuna sem eitthvað sem kostar okkur strit. Að við verðum að þjást til að öðlast hamingju, vera í raun óhamingjusöm til að verða hamingjusöm. Vinnusemi á nefnilega systur, hún er sektarkenndin. Til að viðhalda vinnu- og eljusemi þarf samviskan að halda okkur á tánum. Svo við sláum ekki slöku við.

Oft hefur maður heyrt klisjuna um að ekkert sé afrekið nema undan erfiði. Að ekkert sé þess virði nema hafa þurfi rækilega fyrir því. Á ensku er frasinn „no pain no gain“.

Það er einmitt þetta: Að þurfa að þjást til þess að verðskulda, að þurfa að harka til að öðlast, þurfa pain til að fá gain. Eða sársauka til að öðlast eitthvað.

Vissulega á þetta ágætlega við, þetta er ekki gripið úr tómi. Það er verðlaunandi að horfa á vel unnið dagsverk eða lyfta bikar eftir áralangan undirbúning og erfiði. En þetta hugarfar er svo fast í okkur. Það er farið að ná yfir svo margt svo víða, í öllum krókum samfélagsins. Það nær miklu lengra en bara í íþróttum og keppni. Svo djúpt inn að beini að ég velti því fyrir mér hvort það gæti verið að ganga frá okkur. Þarf það að vera vont til að vera þess virði? Er það jákvætt að vinna svo mikið að við sofum of lítið. Að vera svo „duglegur“ að þú mætir í vinnu með hita og hor? Er það eitthvað sem fólk á að státa sig af að þurfa bara að sofa í 4 tíma á sólahring og vinna restina?

Gæti það jafnvel verið að með slíku vinnusiðferði komi óraunhæfar væntingar sem valda kvíða, vanlíðan, kulnun og eymd? Eymd sem talar sínu máli í tölfræði sem öllum blöskrar. Þar sem geðlyfjanotkun hefur sjaldan verið meiri, kulnun í starfi algeng og sjálfsvíg hafa sjaldan eða aldrei verið fleiri.

Í íþróttum þarf vinnusiðferði púrítananna, allavega upp að vissu marki. Það þarf gríðarlegan sjálfsaga og eljusemi til að ná árangri. Það þarf að leggja hart að sér og gera meira en næsti maður, það er vissulega rétt. En eitt af því allra mikilvægasta í þjálfunarfræðunum og stoðkerfi íþróttamannsins er þó hvíldin. Af því í hvíldinni byggirðu upp, jafnar þig og undirbýrð. Og þú þarft að vera með þér í liði, hugsa jákvætt og vera hvetjandi inn á við.

Það er líka þannig að íþróttir eru keppnisgreinar, einhver þarf að vinna og einhver að tapa. Í lífinu þarf það ekki að vera þannig, ekki í öllum krókum samfélagsins. Í ríkjandi vinnusiðferði nútímans er erfitt að taka pásu og sýna mildi án þess að fá samviskubit. Munið að vinnusemin og sektarkenndin eru systur. Fjöldinn allur af fólki er vansæll í vinnunni og leiðist vinnan sjálf.

En vinnusemin er að mörgu leyti lærd hegðun. Hún byggir vissulega á siðferði sem fylgt hefur okkur í kynslóðir. En ég velti fyrir mér hvort ekki sé hægt að laga hana að nýjum aðstæðum.

Þurfum við ekki bara að skapa ný viðhorf, búa til ný viðmið þar sem vinnan raunverulega göfgar manninn en gengur ekki frá honum? Temja okkur hugarfar og búa til ný orðatiltæki eins og; „bestu hugmyndirnar koma eftir góðan blund“ eða „ef þú nýtur þess ekki, slepptu því“ eða jafnvel „sá sem er vel hvíldur skapar mest“.



NÝIR ÍBÚAR

Enn bætist gæðafólk við mannauð Djúpavogs. Sex nýir einstaklingar hafa bæst við þennan heim frá síðustu upptalningu.



Hér er: **Rökkvi Atlas Matthíasson**

- Þyngd við fæðingu: 3838gr.
- Lengd við fæðingu: 51,5 sm.
- Fæðingarstaður: Akureyri.
- Fæðingardagur: 29. mars 2022
- Foreldrar: Karen Sveinsdóttir og Matthías Baldur Auðunsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Láta spjalla við sig og fylgjast með systur sínum.



Hér er: **Margrét Þórunnberg Reykjalín Ingadóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3202gr.
- Lengd við fæðingu: 52 sm.
- Fæðingarstaður: Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Fæðingardagur: 18. desember 2021.
- Foreldrar: Ingi Ragnarsson og Jóhanna Reykjalín.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Brölta og brasa um húsið.



Hér er **Haukur Ingi Hallsson**

- Þyngd við fæðingu: 4240gr.
- Lengd við fæðingu: 53 sm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 7. nóvember 2021
- Foreldrar: Míecy Fernandez og Hallur Ragnar Hauksson
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Leika feluleik



Vantar ekki eina svona á náttborðið?



Skottastu í Sæbakka og tryggðu þér eintak á 3.000 kr.


Hrönn og Guðmundur taka vel á móti þér

Einnig fáanleg í netverslun Pennans/Eymundsson, verslunum Hagkaupa og Nettó



Hér er **Olivia Mey Natansdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3287 gr.
- Lengd við fæðingu: 49 sm.
- Fæðingarstaður: Neskaupstaður.
- Fæðingardagur: 28. apríl 2022.
- Foreldrar: Anna Czezko og Natan Leó Arnarsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Henni finnst gaman að leika með tvo fiska sem hún fékk frá bróður sínum. Auk þess sér hún ekki sólina fyrir bróður sínum.



Hér er **Franciszek Majchrzycki**

- Þyngd við fæðingu: 3988 gr.
- Lengd við fæðingu: 54 sm.
- Fæðingarstaður: Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Fæðingardagur: 26. september 2022.
- Foreldrar: Marianna Zielewicz og Jan Majchrzycki.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: gera grín af mömmu og pabba með að kúka alltaf í glænýja bleyju.



Hér er **Elle Aamani Mathisen**

- Þyngd við fæðingu: 3030 gr.
- Lengd við fæðingu: 51 sm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 19. desember 2021.
- Foreldrar: Øystein Mathisen og Merab Glenn Atuhyre .
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: hún elskar að brosa, fara í sund, og vera í kringum pabba sinn. Hún hefur gaman af göngutúrum í vagninum sínum og að fara í bíltúr.



OPIÐ

26. NÓVEMBER

3. DESEMBER

10. DESEMBER

17. DESEMBER

FRÁ KL.15-16

VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNUM ÁRUM OG ÓSKUM YKKUR NOTÓLEGRA JÓLA.
OG KOMIÐ SVO MEÐ LJÓTU JÓLAGJAFIRNAR SEM ÞIÐ FÍLIÐ EKKI BEINT TIL
 OKKAR EFTIR JÓLIN.

FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Hugrekki – Virðing – Samvinna

Í haust hófst þriðja árið mitt sem skólastjóri í Djúpavogsskóla. Hin tvö árin lituðust af stöðu í heimsfaraldri og óhefðbundnu skipulagi og skólastarfi. Það má því segja að ég sé að læra að takast á við skólastjórastarfið við hefðbundnar aðstæður. En hvort sem aðstæður eru hefðbundnar eða óhefðbundnar þá er alltaf líf og fjör í Djúpavogsskóla.

Í haust tókum við upp breytingu í stundartöflum. Við byrjum alla daga stundvíslega kl. 8:05 á Cittaslow stund. Þar koma allir nemendur inn í stofu, lesa og byrja daginn rólega. Næst tekur við samvera, þar koma allir nemendur skólans saman í fjölbreytta dagskrá. Það eru þær Þórdís aðstoðarskólastjóri og Berglind deildarstjóri í tónlistarskólanum sem sjá um fjölbreytta og skemmtilega dagskrá í samveru. Það er virkilega skemmtilegt að hefja daginn með því að syngja eða dansa saman. Þessi stund nýtist líka vel þegar við þurfum að koma ákveðnum upplýsingum til allra nemenda og þarna fá nemendur líka tækifæri til að vera með sín eigin atriði. Starfsfólk getur einnig fengið að láta ljós sitt skína og þær Inga og Ásdís sýndu nýlega frumsamið dansatriði og nemendur skemmtu sér konunglega.

Tónlistarskólinn hefur aðstöðu í skólanum í vetur og nemendur fá tækifæri til að stunda tónlistarnám á skólatíma. Berglind stýrir tónlistarskólanum annað árið í röð og leggur áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að vera virkir tónlistarþátttakendur, sem hafa mikið um nám sitt að segja. Áhersla er lögð á spilafærni, samspil og sköpun í nærandi umgjörð.

Á þessu skólaári er í fyrsta sinn ákveðnir tónlistardagar sem gaman væri að tengja við Hammondhátíð.



Við höldum áfram að vinna eftir hugmyndum um uppeldi til ábyrgðar. Við erum að hefja þriðja árið okkar í innleiðingu á teymiskennslu og erum á okkar öðru ári í innleiðingu á Leiðsagnarnámi og auðvitað höfum alltaf hæglaetis hugmyndir Cittaslow að leiðarljósi. Við leggjum okkur fram við að efla faglegt starf í skólanum. Við erum mjög stolt af okkar eigin Cittaslovnámskrá sem unnin er upp úr aðalnámskrá. Síðustu ár höfum við verið að samræma verkreglur um námsmat. Við höldum skólaþing fyrir allt skólasamfélagið í vor og unnið er með niðurstöður úr því inn í úrbótaáætlun skólans. Þar kom t.d. skýrt fram að eldri nemendur söknuðu þess í Covid að geta ekki verið meira með þeim yngri. Í haust höfum við reynt að fjölga þeim viðburðum þar sem við getum öll verið saman.

Þetta haustið hefur einkenst af mörgum viðburðum. Eftir samkomutakmarkanir þá eru margir á ferðinni og vilja koma við hjá okkur, sem er gott. Við höfum fengið margar góðar og skemmtilegar heimsóknir. Sem dæmi þá kom fyrrum nemandi skólans í heimsókn og hélt erindi um kvikmyndagerð. Þessi fyrrum nemandi er Unnsteinn Guðjónsson ættaður frá Úthlíð, hann kom alla leið frá Vancouver.

Nokkuð hefur verið um það að erlendir háskólar komi með nemendur sína í heimsókn og vilja fræðast um Cittaslow. Einnig höfum við fengið margar góðar heimsóknir í gegnum BRAS, Barnamenningarhátíð Austurlands auk þess að okkur hefur staðið til boða að nýta nýja samtímalistasafnið, Ars Longa. Á skóladagatali eru ákveðnir dagar merktir sem gestadagar, þá geta nemendur boðið með sér gestum.

Nokkuð hefur verið um það að erlendir háskólar komi með nemendur sína í heimsókn og vilja fræðast um Cittaslow. Einnig höfum við fengið margar góðar heimsóknir í gegnum BRAS, Barnamenningarhátíð Austurlands auk þess að okkur hefur staðið til boða að nýta nýja samtímalistasafnið, Ars Longa. Á skóladagatali eru ákveðnir dagar merktir sem gestadagar, þá geta nemendur boðið með sér gestum.

Það er sem sagt alltaf líf og fjör í Djúpavogsskóla og haustið hefur einkennst af viðburðum og skemmtilegri samveru. Við fögnum því að skólastarf sé aftur orðið það hefðbundið að við getum öll verið saman.

Bestu kveðjur úr Djúpavogsskóla
Obba

CITTASLOW

Haldið var upp á Cittaslow sunnudaginn 9. október. Venjulega er haldið upp á daginn síðasta sunnudag í september en vegna veðurs þurfti að aflýsa samkomunni þá. Það kom ekki að sök og í samstarfi við m.a. íbúasamtökin, Notó, Ars Longa, grunn- og leiksskólann var dagskrá í boði allan daginn. Í Löngubúð var kynningarmarkaður þar sem einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök kynntu starfsemi sína og framleiðsluvörur.

Fulltrúi sveitarstjóra er tengiliður og hefur umsjón með Cittaslow á svæðinu. Heimastjórn hefur lagt áherslu á að komið verði á auknu samstarfi við íbúa og nýlega var auglýst eftir áhugasömu fólki til að taka sæti í samráðshópi með það að markmiði að efla vitund og starf í anda Cittaslow á svæðinu. Samráðshópurinn verður skipaður þremur fulltrúum og þremur til vara og verður skipan hópsins kynnt heimastjórn á næsta fundi hennar í desember. Samráðshópur um Cittaslow fundar að jafnaði 2-4 á ári, að vori og að hausti, og verður spennandi að fylgjast með starfinu sem framundan er. Á næstu dögum verður haldinn fundur í Nordic Cittaslow en í þeim hópi sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaga á Norðurlöndunum. Fundurinn fer fram í gegnum fjárfundabúnað. Tilgangur Nordic Cittaslow er að efla tengsl sveitarfélaganna og miðla og læra af reynslu hvers og eins. Auk Djúpavogs eiga sæti í Nordic Cittaslow: Falköping í Svíþjóða, Sokndal og Ulvik í Noregi, Kristinestad í Finnlandi auk Mariagerfjord og Svendborg í Danmörku.

GJ



Neisti



Íris Birgisdóttir



Geislar Gautavík



Berglind Björgúlfadóttir, deildarstjóri Tónlistarskóla Djúpavogs



Félagsbúið Lindarbrekka



Maciej Pietrunko



Hafsalt



Lefever Sauce Company



Ferðafélag Djúpavogs

SKÓGRÆKTARANNÁLL

Lognið á undan storminum

Á þessu merka afmælisári Skógræktarfélags Djúpavogs hefur ýmislegt borið til tíðinda og ekki úr vegi að líta aðeins um öxl þegar liður að lokum þess. Félagið varð sjötugt annað hvort á sumardaginn fyrsta eða 24. apríl eftir því hvort miðað er við forna norræna tímatalið eða það nýja (Gregoríska). Ákveðið var að halda ekki upp á afmælið fyrr en í sumarlok en bjóða þá til veislu í skóginum.

Sumarstarfið fór fram með hefðbundnum hætti, vinnuskólinn setti niður birkiplöntur en skógræktarfélagar plöntuðu líka ýmsum plöntum á sínum vikulegu vinnudögum ásamt því að grisja smávegis, slá eitthvað af lúpínu og sá um vikuleg þrif á salernum. Sumarið var blautt með köflum og því var hægt að hafa salernisaðstöðuna opna frá því í byrjunum maí fram til loka nóvember.

Þrír stjórnarmenn fóru síðan á aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Mosfellsbæ í byrjunum september. Gestgjafar fundarins var Skógræktarfélag Mosfellsbæjar sem er stórt og öflugt félag og bauð fundargestum í skoðunarferð um hluta ræktunarsvæða sinna. Gengið var gengu um skógin í Hamrahlið undir Úlfarsfelli og skoðað það mikla starf sem þar hefur verið unnið og það sem fyrir liggur við grisjunu skógarins. Einhver hafði á orðið að Hálsaskógur væri vel grisjaður miðað við Hamrahliðar skógin en í fyrstu haustlægdinni kom þó í ljós að þar hefði mátt grisja mun meira.

Einnig var farið á Þingvelli, staldrað við í Vinaskógi þar sem þau Guðni Th. Jóhannesson og Vigdís Finnbogadóttir gróðusetu reynitré áður en við farið var og litið á elsta hluta skógræktar á Þingvöllum og auðvitað rætt áfram um þörf á grisjunum í gömlum og nýjum skógum.

Á milli skoðunarferða voru flutt fróðleg erindi um hin ýmsu mál sem varðar skógrækt í landinu og þær nýju áskoranir sem skógræktarfolk stendur frammi fyrir, nú þegar skógar eru vaxnir því langt yfir höfuð og það gleymdist að huga að því að stór tré þurfa meira pláss en lítil.

Stjórnarmenn fóru heim með mikinn fróðleik í farartesskinu og því hefur verið fleygt að einn þeirra tali nú um skipulag skógræktar með tilliti til gróðurelda hvar og hvenær sem því verður við komið

Viku síðar buðu svo skógræktarfélag á Austurlandi hvert öðru í heimsóknir samhliða ferð Skógræktarfélags Íslands um Austurland. Frá Djúpavogi fóru fjórir félagar og skoðuðu skógrækt á Reyðarfirði, Eskifirði og á Neskaupstað. Á þessum stöðum er skógrækt mismikið á veg komin en víða leynast skemmilegir gróðurreitir sem gaman er að skoða. Gróðurfrímerkið við enda snjóflóðavarna í Norðfirði kom til dæmis ýmsum á óvart. Um þann skóg má segja það sama og um Hálsaskóg, skógurinn virðist miklu stærri að innan en að utan og er stútfullur af skemmtilegum trjáum af ýmsum stærðu og gerðum. Ferð um hann jók aðeins á áhuga okkar á að breikka tegundaúrvalið í skóginum. Ef einhver rekst á blæosp á förnum vegi má bjóða henni flutning í Hálsaskóg.


Skógræktarfélagið hélt svo upp á sjötíu ára afmælið með veislu í skóginum þann 17. september. Það var ánægjulegt að sjá hvað margir mættu og nutu saman góðrar stundar í skóginum enda gott að staldra við og horfa yfir árangur erfiðisins undanfarinna 70 ár en margir íbúar Djúpavogs hafa gegnum tíðina lagt mikið á sig í skógræktarstarfinu.

Að þessum öllum öllum loknum lá bara fyrir að taka á móti verktaka sem tók að sér að grisja í skóginum en fengist hafði styrkur frá Landgræðslunni í það verkefni. Grisjun er nauðsynlegt að sinna því hún er undirstaða heibrigðra skóga og minnkar líka hættuna á stormfalli. Síðan átti að undirbúa daga myrkurs í rólegheitum og ákveða jólatrjáasölu í desember en veðurguðirnir voru á öðru máli því fyrr en varði rann upp 25. september með tilheyrandi ósköpum.

Eftir óveðrið

Fyrstu fréttir sem bárust af stormfalli í Hálsaskógi voru þær að a.m.k. 100 tré hefðu fallið í óveðrinu og þótti ekki lítið. Þegar verktakinn sem hafði tekið að sér að grisja gekk um svæðið, myndaði og reyndi að kasta tölu á trén. Hann gafst fljótt upp á að telja en áætlaði að milli þrjú og fjögurhundruð tré væru fallin eða brotin. Hann tók svo tvo daga í að sinna bráðaaðgerðum við Sviðið þar sem foknir trjátöppar og fallin tré hingu hálf uppi með tilheyrandi hættuástandi en það var dropi í hafið og ekki um annað að ræða en að vara fólk við að fara um skógin.

Ýmsir höfðu samband við skógræktarfélagið og buðu fram hjálp sína við þá vinnu sem framundan var en verkefnið sem er mest aðkallandi er svo stórt að það krefst kunnáttu, reynslu og viðeigandi búnaðar að fara um svæðið til að saga sundur fallin tré.



Mörg þau tré sem rifnuðu upp með rót eru 70 ára gömul, yfir 16 metra há og bara bolur þeirra getur verið um 800 kíló. Spennan bolunum er mikil og spauglaust þegar þeir hrökkva í sundur þegar verið er að vinna við þá.

Skógræktin á Hallormsstað ákvað að styrkja okkur með því að senda þriggja manna vinnuhóp í skógarhöggið og Múlaþing lagði til tvo starfsmenn í viðbót. Vinna þessa hóps nam 75 vinnustundum og var áætlað að á þeim tíma hefði náðst að kára einn þriðja af verkinu. Það bíður okkar því á næsta ári að finna leiðir til að klára verkefnið en þá erum við bara að tala um að saga rôtarslitin tré og saga trjábolið í viðráðanlegar stærðir.



Síðan þarf að finna einhvern sem vill fá allt þetta timbur til að vinna úr og hefur tæki og tól til að ná því út úr skóginum. Það er þó ekki svo að skógræktarfélagar og velunnarar skógarins þurfi bar að setja með hendur í skaut. Víða um skógin eru léttari verk sem þarf að vinna en eru ekki síður tímafrek og þó mikið sé fallið af trjám þar að grisja skógin skipulega. Gisinn skógur tekur nefnilega á sig mun minni vind en þéttur og er laus við dóminóáhrifin sem voru hluti af því hvað illa fór í Hálsaskógi.

Í skammdeginu leggjum við þó frá okkur áhyggjur af verkefninu framundan. Töfratréð mætti og hvarf svo aftur út í náttmyrkrið, jólatréssalan verður í desember og við bætum leiðisgreinum við vöruúrvalið. Þegar daginn fer svo að lengja má fólk eiga von á að einhver hermi upp á það loforðin um að leggja Hálsaskógi lið. Kannski bregðum við á það ráð að boða til fundar með félögum og öðrum velunnurum, heyra hvað fólk hefur að segja og skiptast á hugmyndum um það hvernig að haga megi vinnunni framundan.

Takk til ykkar allra sem hafa lagt fram vinnu, boðið fram hjáp eða lagt starfinu lið á annan hátt. Skógurinn þakkar hrósið og hlýleg orði í hans garð, þau styrkja trén í trúnni á framtíðina.

Stjórn Skógræktarfélags Djúpavogs

*Gledileg jól og farsælt
komandi ár*

*Takk fyrir samvinnuna,
félagsskapinn og liðlegheitin
á liðnu sumri*

*Við hlökkum til að takast á
við ný ævintýri á nýju ári*

Starfsfólk Adventura



FRÁ FORELDRAFÉLAGI LEIKSKÓLANS BJARKATÚNS

Okkur í stjórn foreldrafélags Bjarkatúns langar að segja ykkur frá frábærri hugmynd sem fram kom á foreldrafundi í leikskólanum í september og unnið er að því að verði að veruleika. Eins og flestir vita þá er leikskólinn okkar góði ekki aðeins cittaslow-leikskóli heldur einnig grænfánaskóli, en skólinn fékk nýverið grænfánann afhentan í 5. sinn! Foreldrar eru mjög ánægðir með það grænfána- og cittaslow starf sem fram fer í leikskólanum og skapaðist umræða á fyrrnefndum fundi um hvernig við getum stigið næstu skref í grænfána- og cittaslow starfinu. Ákveðið var að gaman væri að taka höndum saman, byggja hænsnakofa og verða sjálfbær hvar varðar egg og matarleifar!

Segja má að markmiðið með verkefninu sé þrískipt

1. Að auka sjálfbærni leikskólans og mynda hringrásarferli þar sem matarleifar fara til hænsnanna og hænurnar færa leikskólanum egg.
2. Draga úr matarsóun og gera nemendur meðvitaðari um uppruna matvæla
3. Auka samstarf leikskólans og heimilanna þar sem það kæmi í hlut foreldra og nemenda að sinna hælum um helgar og á frídögum en í staðinn fá egg.

Til að ná þessum markmiðum var samþykkt einróma á fundinum að foreldrafélagið tæki að sér þá vinnu sem felst í undirbúningi fyrir verkefnið; sækja um styrki, kanna mögulega hæsnakofa, halda utan um byggingu kofans, útvega hænur og styðja við fyrstu daga. Í stjórn foreldrafélagsins er "hobby" bóndi sem þekkir vel inn á hænur, þarfir þeirra og mismunandi skapgerðir eftir tegundum og getur því verið ákveðinn verkefnastjóri. Leikskóli og foreldrafélag myndu síðan vinna saman að því að útvega öll tilskilin leyfi fyrir hæsnahaldinu. Þegar hæsnakofinn væri kominn og hænurnar mættar "heim" myndi leikskólinn taka við keflinu og bera ábyrgð á verkefninu í samstarfi við foreldra. Auk þess að hafa hæsnakofa þyrfti einnig að hafa sérstakan lífrænan kassa undir úrgang frá hælunum en slíkur úrgangur er prýðis áburður fyrir bæjarbúa og myndi því nýtast samfélaginu öllu.

Í verkefninu er sérstaklega horft til leikskólans Urðarhóls en þar hafa verið hænur síðan 2020 og margt hægt að læra af þeirra verkefni.

Stefnt er að því að undirbúningsvinna fari fram í vetur og á vordögum 2023 sé allt tilbúið og fyrstu hænurnar geti flutt inn. Gert er ráð fyrir 4-6 hælum, jafnvel af blönduðum tegundum.

Ef einhverjir vilja leggja verkefninu lið með styrkjum er hægt að styrkja okkur í foreldrafélaginu með því að taka þátt í einhverjum af þeim fjáröflunum sem framundan eru eða einfaldlega leggja inn á kt 701121-0660 rknr 0133-26-4835 og merkja færsluna „hænur“.

Stjórn foreldrafélags leikskólans Bjarkatúns

**Bakkabúð óskar öllum gleðilegra jóla og
pakkar viðskiptin á árinu.**

**Opnunartími í desember verður auglýstur
á facebooksíðu Bakkabúðar.**

**Einnig viljum við minna á fría
heimsendingu fyrir
Djúpavogsbúa af öllum vörum á
www.baejarbud.is**



Jóla JAZZ

LJÚFIR JÓLATÓNAR MEÐ
EDGARS RUGAJS
&
DÖGUN ÓÐINSDÓTTUR
UNDIR BORDHALDI

VILLISVEPPASÚPA

*

FYLLT GYOZA-SKEL
MEÐ RIFINNI ÖND, BLÁBERJASALSA
OG EPLAKREMI

*

HANGIKJÖTS CARPACCIO
MEÐ BIRKISÍRÓPI, PISTASÍUM
OG OSTI FRÁ GOÐDÖLUM

*

HUMARPATE
MEÐ ENOKI SVEPPUM OG WASABIKREMI

*

HÁTÍÐAR TURNBAUTI,
NAUTALUND Á BRIOCHE SNITTU,
OG HREINDÝRATERRINE
MEÐ DJÚPSTEIKTRI PURUSTEIK,
ERTUMAUKI OG TRUFFLUGLJÁA

*

SÚKKULAÐI MARQUISE
MEÐ JARÐABERJA COMPOTE OG VANILLUKREMI

SEX RÉTTA MATSEÐILL 11.900KR

SEX RÉTTA MATSEÐILL, GISTING OG MORGUNVERÐUR
FYRIR TVÖ 39.900KR
FYRIR EINN 26.900KR

BORDAPANTANIR Á
VEISLA@701HOTELS.IS



3.DESEMBER
&
10.DESEMBER

AFHJÚPUN MINNISVARÐA UM MANNSKÆÐASTA SJÓSLYS DJÚPAVOGS 11. SEPTEMBER 2022



Andri Jón Sigurðsson afhjúpaði skipslíkan við vitann. Mynd: Maciej Pietrunko

„Allt í einu sökk báturinn og allir drukknúðu“

Sunnudaginn 11. september síðastliðinn var afhjúpaður minnisvarði við Æðarsteinsvita um tíu manns sem létust í mannskæðasta sjóslysi sem heimildir eru til um við Djúpavog. Slysð varð að kvöldi 22. september árið 1872 þegar bátur á leið frá Teigarhorni út á Djúpavog fórst. Vitinn er jafnframt 100 ára í ár.

„Mikið sorgartilfelli kom fyrir gamla Weywadt,“ segir í bréfi Jóns Ásmundssonar Johnsen, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu til kunningja síns síðar þetta haust. Um borð í bátnum sem fórst við Æðarstein voru fimm börn Níelsar Weywadt, kaupmanns á Djúpavogi. Hann hafði þremur árum fyrr keypt Teigarhorn og átti síðar eftir að byggja þar reisulegt hús sem enn stendur.

„Þau voru að sigla að gamni sínu, en allt í einu sökk báturinn, og allir drukknúðu,“ er lýsing sýslumanns á slysinu við Æðarstein. Eiríkur Sigurðsson notar bréfið sem inngang að frásögn sinni um slysið í Tímanum í apríl árið 1962 og við þá sögu studdist Kristján Ingimarsson, sem hafði frumkvæði að því að koma upp minningarskildinum, þegar hann rifjaði upp slysið við afhjúpunina.

Ungt fólk

Í frásögninni er rakið hvernig fimm börn Weywadt-hjónanna hafi verið á leið í kaupstaðinn eftir sumardvöl á Teigarhorni. Fyrir þeim fór Níels Emil, sem ætlaði að gerast fulltrúi landfógeta í Reykjavík. Fólkið ætlaði að flytja með sér það sem ekki þurfti til vetrardvalar á Teigarhorni. Sjálf riðu Weywadt-hjóninn út á Djúpavog með lausa hesta handa fólkinu. Aðeins ein dætra þeirra sem verið hafði á býlinu, Andrea, fór með þeim ríðandi.



Auk Níelsar Emils voru um borð í bátnum systkini hans þau Jóhann Pétur, Friðrika, Henrietta og Henkel. Þar voru einnig Albert Mellby, ættaður frá Vopnafirði, tveir danskir beykjar frá Djúpavogi þeir Lihnert og Frederiksen, Jakobína Jakobsdóttir, barn vinnuhjúa hjónanna og Jón Jónsson, bóndasonur frá Borgargarði. Fæst var fólkið komið af táningsaldri og fernt enn yngra. Eiríkur lýsir bátnum þannig að hann hafi verið „allstór og talinn stöðugur.“ Þá hafi sjórinn verið kyrr og aðeins hæg gola. Mun Frederiksen hafa setið við stjórna þegar siglt var frá, sem var Weywadt gamla ekki að skapi því honum þótti strákurinn ekki gættinn.

Lítið fannst þrátt fyrir mikla leit

Þegar hjónin komu út á Djúpavog bjuggust þau við að unga fólkið væri þangað komið. Þeim brá hins vegar þegar í ljós kom að svo var ekki. Mun Weywadt strax hafa óttast hið versta og byrjaði leit. Hún var hins vegar erfið þar sem komið var fram í myrkur. Fleira fólk tók þátt í leitinni og fljótt fundust höfuðföt af fólkinu á bátinum í flæðarmálinu innan við kaupstaðinn. „Þá duldust ekki lengur, hvað gerzt hafði. Hinn illi grunur hafði hlotið staðfestingu,“ skrifar Eiríkur.

Mikil leit var gerð í kjölfarið, bæði á sjó og landi, en aðeins fundust nokkrir smáhlutir. Vasabók Níelsar Emils fannst þurr og voru getgátur um að hann, sá eini sem kunni að synda í hópnum, hefði náð til lands en lagst aftur til sunds í von um að geta bjargað öðrum en ekki átt afturkvæmt sjálfur. Fyrsta líkið rak á land viku síðar og heimild er um annað snemma í desember þótt fjörur væru reglulega gengnar. Ekki er greint frá því hvenær líkamsleifar annarra fundust en Eiríkur efast um heimildir þær að fólkið hafi allt verið jarðað í tveimur útförum.

Vinsæll og áhrifamikill

Slysið mun hafa orðið Weywadt mikið áfall og segir Eiríkur þá sögu að hann hafi orðið gráhærður á nokkrum dögum. Hann varð bráðkvaddur árið 1883, þá nýlega búinn að reisa húsið á Teigarhorni. Hann átti fleiri börn, þeirra frægust er Nikólína, fyrsta íslenska konan til að læra ljósmyndun. Hún kom heim tveimur vikum eftir slysið, ásamt systur sinni Súsönnu, að loknu námi í Danmörku. Hvorug vissu af slysinu þegar þær komu í land. Soffía Weywadt, kona kaupmannsins, lést árið 1903 þá komin á tíræðisaldur.

Weywadt kaupmaður var áhrifamikill á Djúpavogi, kom þar meðal annars að byggingu Faktorshússins og virðist hafa verið vinsæll. Í grein í Norðanfara frá árinu 1869 segir að það hafi verið mikið harðindaár austanlands, tíðarfar slæmt og uppskerubrestur. Kaupmaðurinn á Djúpavogi hafi verið sá eini sem lánað hafi korn veturinn á undan og til hans sótt „þurfandi menn úr einum 10-12 sveitum.“ Hann hafi svo aftur lánað þeim korn sem að mestu stóðu í skilum við hann. Lýsir greinarhöfundur honum sem vitrum manni og hinum góðgjarnasta.

Varðveita söguna

Reynir Arnórsson, sem lengi hefur barist fyrir slysavörnum á Djúpavogi og víðar, benti á að almenn sundkennsla hefði gert mikið til að fækka slysum á sjó og vötnum og velti upp þeirri spurningu við athöfnina hvort einhverjir þeirra sem fórust hefðu lifað hefðu þeir kunnað að synda. Hann sagði það fólk sem hefði staðið fyrir gerð minnisvarðans hefði viljað varðveita söguna og minningu þeirra sem fórust.

Auk Kristjáns og Reynis flutti séra Alfreð Örn Finnsson hugvekju og tíu blómum var dreift á sjóinn fyrir utan í minningu þeirra sem fórust. Hin 96 ára gamla Guðrún Guðjónsdóttir (Rúna í Grænuhlíð), elsti íbúi Djúpavogs, afhjúpaði minningarskjöld á vitanum og Andri Jón Sigurðsson, fimm ára sjómannssonur (Baddasonur), afhjúpaði skipslíkan sem Guðjón Sigurðsson hannaði. Að athöfn lokinni var gönguferð með leiðsögn frá vitanum inn að Teigarhorni.

Áhugahópurinn hefur síðan valið sér sitt næsta verk sem er gerð minnismerkis um sjómenn frá Djúpavogi sem látist hafa við störf. Gerð minnisvarðans styrktu bæði einstaklingar og fyrirtæki á Djúpavogi.

Ljósmyndir: Maciej Pietrunko

Jól 2022

Fjölskyldan á
Teigarhorni sendir
hátíðarkveðjur og
þakkir fyrir árið sem er
að líða.

~~~~~



# PÆLARI BÓNDAVÖRÐUNNAR

Ég er mögulega sein á lestina en ég settist niður í sófann eitt kvöldið og horfði á heimildarmyndina Hækkum Rána sem fjallar um réttindabaráttu 8 - 13 ára stúlkna sem vilja breyta viðmiðum í kvennakörfubolta á Íslandi.

Óhætt er að segja að þessi mynd sé mjög umdeild. Þjálfarinn beitir óvenjulegum aðferðum í þjálfun sinni.

Ég er sammála að oft á tíðum hafi þjálfarinn beitt brútal aðferðum en hann nær þó að kenna þessum stúlkum að bera höfuðið hátt, setja kassann út og láta ekki berja sig niður. Að standa upp aftur, svara til baka, láta ekki valtra yfir sig og sýna þeim að þær voru ekkert síðri en strákar.

Foreldarnir voru margir hverjir ekki þar hrifnir af þessum aðferðum. En afhverju? Hefðu þau verið sömu skoðunar ef þetta hefðu verið synir þeirra?

Hefði þetta verið svona mikið mál ef hann hefði verið að þjálfra drengi?

Fyrir mér var hann að kenna þeim að þær munu mæta mótlæti í lífinu, því þær eru stelpur. Fólk mun efast um þær, hvort þær eigi heima í íþróttahéminum, hvort þær séu nógu góðar, hvort útlit þeirra sé nógu gott.

Ekki misskilja mig samt, ég veit að það eru hellingur af drengjum sem mæta mótlæti í lífinu líka, en innan íþróttahreyfingarinnar þá komast þeir upp með svo miklu meira en stelpurnar.

Þið hafið sjálfsagt flest séð fréttir innan úr KSÍ síðustu vikurnar, þar sem landsliðskona í knattspyrnu steig fram og var enn að bíða eftir sérmerktri treyju eftir hundraðasta leikinn sinn með landsliðinu (sem hún spilaði í apríl 2022). En fyrirliðinn hjá karlalandsliðinu fékk sína sérmerktu treyju strax eftir sinn hundraðasta leik.


Af hverju ætli þetta sé? Stelpur eru enn að berjast fyrir tilverurétti sínum í íþróttum, samt eigum við ofurflottar íþróttakonur á Íslandi.

Verandi stelpumamma þá vil ég að dóttir mín hafi sömu möguleika og strákar þegar það kemur að íþróttum. En ég þarf svo sem ekki að hafa áhyggjur af því eins og er. Því hún hefur engan áhuga á íþróttum nema hún heldur með Wolves og veit hver Haaland er.

Getum við fullorðna fólkið bara aðeins farið að líta í eigin barm og opna leiðir fyrir börnin okkar, hvort sem þau eru stelpur eða strákar.

Þau eiga öll að eiga sömu möguleika, hvort sem það er innan íþróttahreyfingarinnar eða á öðrum sviðum.

Ásdís Heiðdal



## GEYSIR – LIFANDI STJÓRNSÝSLUMIÐSTÖÐ



Starfsmönnum og stofnunum sem starfa í Geysi hefur fjölgað undanfarið. Auk starfsmanna sveitarfélagsins er Heilbrigðiseftirlit Austurlands þar með starfsstöð, Minjavörður Austurlands er þar til húsa auk þess sem lögreglustöðin er nýlega flutt í húsið. Á vegum sveitarfélagsins eru fimm starfsmenn með aðstöðu í Geysi. Ólafur Björnsson starfar í tölvudeild og er þar umsjónarmaður. Rúnar Matthíasson er aðstoðarmaður byggingarfulltrúa auk þess sem hann er staðarhaldari á Teigarhorni. Þórhildur Katrín Stefánsdóttir er verkefnisstjóri innheimtu og fjárreiðu og Eva Björk Hlöðversdóttir er bókarí. Eva lætur af störfum 1. desember nk. en Ásdís Heiðdal mun taka við starfi þjónustufulltrúa um áramót. Gauti Jóhannesson er fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi auk þess sem hann er staðgengill hafnarstjóra í Múlapingi. Í húsinu er auk þess afgreiðsla sveitarfélagsins sem opin er mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-12:00 og 13:00-15:00. Á föstudögum er opið frá 10:00-12:00.

Geysir hefur í gegnum tíðina gegnt ýmsum hlutverkum og gott til þess að vita að nú rúmum 120 árum eftir byggingu skuli húsið enn gegna mikilvægu hlutverki í mannlífinu á Djúpavogi.

GJ

# FRÁ BÓKASAFNI DJÚPAVOGS



Bergún Íris

Nýlega var tekið upp nýtt bókasafnskerfi á bókasöfnum landsins. Eins og alltaf þegar skipt er um flókin skráningarkerfi þá þarf það tíma til að aðlagast. Í Bókasafni Djúpavogs er þetta allt að smella saman en það eru enn einhverjir hnökrar sem Landskerfi sér um að laga.

En aðrar fréttir eru helstar að í heimsfaraldrinum gafst vel að skipta safninu í tvo hluta. Nú eru allar barna- og unglingabækur staðsettar á gangi skólans. Þetta reyndist mjög vel í Covid og ákveðið var að prófa þetta áfram. Nemendur og kennarar hafa nú betra aðgengi að bókum og þetta fyrirkomulag gefur meira rými fyrir aðrar bækur inni á safninu.

Í Covid var tíminn einnig nýttur til að fara yfir bókakost, grísa, flokka og raða. Það verkefni stendur enn og er á góðri leið. Það er mikið og gott samstarf á milli bókasafna í Múlaþingi og m.a. reynt að finna viðburði sem henta öllum bókasöfnum. Síðasti viðburður á Bókasafni Djúpavogs var miðvikudaginn 16. nóvember. Þá var Bergún Íris með smíðju sem í boði var fyrir nemendur á miðstigi. Bergún Íris kenndi börnum undirstöðuatriðin í smásagnagerð. Farið var í hugmyndaleit, skissuvinnu, persónusköpun og uppbyggingu smásögunnar. Bæði var unnið með texta og teikningar til þess að styrkleikar hvers barns fengi að njóta sín til fullnustu. Bergún Íris er margverðlaunaður barnabókahöfundur sem skrifað hefur 20 barnabækur og myndlýst fjöldanum öllum af barnabókum.

Börnin verða hvött til að senda inn sína smásögu í samkeppni Sagna á vef KrakkaRÚV. Tuttugu smásögur verða svo valdar af dómnefnd í rafbókina Risastórar smásögur sem Menntamálastofnun gefur út. Tveir höfundar fá verðlaun á verðlaunahátíð Sagna næsta vor. Hátíðin verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV.

Ég bendi fólki á að fara á heimasíðu Múlaþings – þjónusta – menntun – bókasöfn og smella þar á Bókasafn Djúpavogs. Þar er hægt að sjá upplýsingar um safnið, opnunartíma og þar er slóð inn á leit í safnkosti Bókasafns Djúpavogs sem er nýjung.

Töluvert er af nýjum bókum og fleiri á leiðinni. Endilega kíkið við því að lestur er bestur.

Obba

## HRÓSIÐ



### Ragnhildur Kristjánsdóttir

Mig langar að hrósa þeim sem stóðu fyrir viðburðinum "Töfraré og ljósangangur með kakóivafi í Hálsaskógi" fyrir ótrúlega notalega stund á Dögum myrkurs. Einnig langar mig að hrósa Hafdís Reynis fyrir afburða hæfileika í að leggja í bílastæði. Ég skora á Auði Agústs dóttur að hrósa næst.



### Pálmi Einarsson

Ég vil hrósa Bóa og Boggu á Núpi fyrir öll liðlegheitin við okkur nýbúana á ströndinni og skora á Eið Gísla á Lindabrekku að koma með hrós í næsta blaði.



### Ingi Ragnarsson

Hrósið frá mér fær Alfreð prestur fyrir að koma kirkjustarfi í Djúpavogskirkju á herra plan með meðal annars öflugum barnastarfi. Ég skora á Didda og Nökkva á Fiskmarkaðnum að koma með hrós í næsta blaði

# VIÐ VOGINN ÓSKAR ÖLLUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR & FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.

## ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU 2022

### VIÐBURÐIR Í KRINGUM JÓLAHÁTÍÐINA:

Föstudagur 25. nóvember:

Aðventu-föndurstund í Við voginn,  
Jólaglögg & smákökur. Hefst kl. 19:00

Föstudagur 10. desember:

Hið árlega jólahlaðborð í hádeginu.

Opið: virka daga & sunnudaga frá 11:00–16:00  
& laugardaga 11:00–20:00.

Lokað:

Aðfangadag, jóladag, annan í jólum & nýársdag.

Opið:

11:00–15:00 milli jóla & nýárs.

Föstudagur 16. desember:

Skötuveisla í hádeginu.

Föstudagur 30. desember:

Pub Quiz kl. 21:00.



# FRÁ DJÚPAVOGSKIRKJU

*Lát þú opnast þíns himins hlið,*

*kom, Guðs sonur, með frelsi þitt og frið.* Þessar línur úr aðventusálmnum fallega „Kom þú, kom, vor Immanúel“ minna okkur á að aðventan gengur senn í garð, jólin nálgast. Hátíð ljóss og friðar. Þetta er góður tími og mikið um að vera. Viðburðaríkt haust er að baki í kirkjunni og hér verður fjallað um nokkra þeirra.

Fastur liður og í raun upphaf vetrarstarfsins í kirkjunni eru fermingarbúðir á Eiðum. Í vor munu 11 börn fermast. Fermingarhópurinn skemmti sér vel í frábæru veðri í dásamlegu umhverfi við Kirkjumiðstöðina við Eiðavatn í september. Í byrjun nóvember söfnuðu fermingabörnin fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Epiópiu. Það safnaðist ótrúlega há upphæð og alveg ómetanleg hversu vel íbúar tóku á móti krökkunum!



Unglingarnir í kirkjustarfnu fóru á Landshlutamót á Vopnafirði helgina 14. - 16. október. Alls voru 140 krakkar frá Norðurlandi og Austurlandi þátttakendur á mótinu. Djúpvogur átti þar um 20 flotta fulltrúa.

Í haust var einn sunnudagaskólinn helgaður verkefninu „Jól í skókassa.“ Flestir kannast við þetta fallega verkefni sem kennir okkur um náungakærleikann. Að þessu sinni mættu börn og fullorðnir milli kl. 17 og 19 á miðvikudagskvöldi. Þar var spjallað, pakkað inn og spilað. Kaffi, kakó og kex var á boðstólum og myndaðist góð stemning. Svona á kirkjan að vera!

Mikilvægar messur sem skapast hefur hefð fyrir á Djúpavogi eru t.d. „Bleik messa“ og „Allra heilagra messa.“ Þessar messur voru vel sóttar að vanda.

Kór kirkjunnar blómstrar undir stjórn Kristjáns Ingimarssonar og Guðlaug Hestnes kemur annað slagið í heimsókn og mun stjórna kórnum á aðventutónleikum.

Djúpavogskirkja tók þátt í þrjónaáttakinu „Sendum hlýju“ ásamt hinum kirkjunum á suðurfjörðum. Mikið safnaðist af hlýjum sokkum sem munu án efa koma sér vel í kuldunum í Úkraínu sem bætist ofan á stríðsátök.

Það er vert að benda á að Djúpavogskirkja tekur nú oft þátt í verkefnum í samstarfi við kirkjurnar á suðurfjörðum. Stefnan er að skapa tengsl milli safnaðanna í ljósi þess að prestarnir vinna nú náið saman á þessu svæði og sinna stærra svæði en áður. Dæmi um þetta er „Sorgarkaffi.“ Nú fyrir jólin verða haldnar fjórar samverustundir í kirkjunum frá Djúpavogi til Fáskrúðsfjarðar. Vonir standa til að hópar myndist sem geti veitt styrk og stuðning í sorgarferlinu.

Gaman er að segja frá því að ný sálmaþók kemur út í nóvember í kirkjunni. Bókin hefur verið lengi í undirbúningi og er útkoman mikið gleðiefni. Tónlistin er afar stór og mikilvægur þáttur í kirkjustarfinu. Kvenfélagið Vaka hefur lengi verið einstaklega mikilvægur hlekkur í starfi Djúpavogskirkju og hefur nú ákveðið að gefa kirkjunni nýju sálmaþókina. Það er erfitt að lýsa því með orðum hvað þetta er söfnuðinum dýrmæt gjöf, kærar þakkar og megi góður Guð blessa starf kvenfélagsins.

Að lokum má geta þess að söfnun fyrir bílplaninu gengur vel. Viðbrögð íbúa og velunnara hafa verið alveg ótrúleg. Vonir standa nú til að jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrki verkefnið og þá verður brátt hægt að hefja framkvæmdir. Takk allir sem hafa lagt verkefninu lið!

Það er nóg fram undan á aðventunni og hvetjum við alla á Djúpavogi og nærsveitum til að kynna sér viðburði kirkjunnar sem auglýstir eru í blaðinu.

„Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn.“ Guð veri með ykkur og blessi ævinlega.

Gleðilega hátíð,

Alfred og sóknarnefndir Hofskirkju, Djúpavogskirkju, Berufjarðarkirkju og Beruneskirkju.

## FRÁ SKRIFSTOFU MÚLAÞINGS Í GEYSI



Undanfarið hefur Erla Guðný Pálsdóttir skjalastjóri Múlaþings farið í gegnum og flokkað skjöl og pappíra á skrifstofunni í Geysi. Í gegnum árin hefur safnast þar töluvert af pappírurum og gögnum af fjölbreyttum toga. Sumu hefur mátt henda en öðru er komið í örugga geymslu í samstarfi við Héraðsskjalasafn Austurlands. Nýlega komu í leitirnar þó nokkuð mörg eintök af skólaspjaldi/skólamynd frá skólaárinu 1988-1989. Töluvert af nemendum þess tíma í skólanum eru enn búsettir á svæðinu. Þeim sem áhuga hafa á að eignast sitt eintak er bent á að nálgast má þau á skrifstofunni í Geysi á opnunartíma meðan birgðir endast.

GJ

**Pípulagningarþjónusta**  
**Vilhjálmss óskar öllum**  
**velferðar og þakkar**  
**liðin ár**

# FRÁ FERÐAFÉLAGI DJÚPAVOGS


Við í Ferðafélaginu höfum notið þess að ferðast í sumar. Það sem ber hæst er hjólaferð yfir Lónsheiði, þriggja daga ganga um Lónsöræfi og Víðidal og svo unglingaferð á Búlandstind. Allt voru þetta vel heppnaðar og skemmtilegar ferðir. Bílaferðirnar gengu ekki sem skyldi hjá okkur í sumar, bæði vegna veðurs og líka vegna dræmrar þátttöku.

Ferðafélag Djúpavogs, ásamt Björgunarsveitinni Báru, stóð fyrir því að koma upp minningarskildi og bátslíkani við Æðarsteinsvita til minningar um sjóslys sem þar varð fyrir 150 árum síðan. Gönguleiðin niður að Æðarsteinsvita er nokkuð vinsæl og bæði þessi minnismerki verða vonandi til þess að bæta við upplifun þeirra sem ganga að vitanum.



Í vetur ætlum við að fara í stuttar, léttar, skemmtilegar og fræðandi göngur hér í nágrenninu en þátttaka í slíkum göngum hefur verið með ágætum. Þá er áætlað að hafa myndasýningu um jólaleytið þar sem rifjaðar verða upp ferðir ársins og ferðir næsta árs verða kynntar.

Nú er einmitt framundan skipulagning ferða næsta árs og ef fólk hefur sérstakar óskir eða áhuga á ákveðnum ferðum, tökum við fagnandi á móti öllum tillögum. Við höfum reynt að bjóða upp á fjölbreyttar ferðir þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og það er stefna okkar að halda því áfram. Við hvetjum svo alla til að koma með okkur út að ganga. Það er hressandi fyrir líkama og sál og svo er auðvitað kjörið að skrá sig í félagið en því fylgja margs konar friðindi.



## Múlaþing

### Vissir þú að Djúpavogur á sína eigin kjarnasíðu?

Hægt er að fylgjast með því sem er að gerast á Djúpavogi á kjarnasíðu bæjarins. Hana er að finna á forsíðu sveitarfélagsins: [mulathing.is](http://mulathing.is) (sjá mynd). Þar er áherslan á Djúpavog, til dæmis fréttir, tilkynningar og viðburðir. Unnið er að því að breyta síðunni um þessar myndir uppástungur um hvað íbúar vilja sjá á síðunni eru vel þegnar.

# AUSTURBRÚ

## Starfsstöðin á Djúpavogi

Austurbrú er sameignarstofnun, stofnuð 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Hún er eina stofnunin sinnar tegundar á Íslandi. Auk þess sinnir Austurbrú málefnum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Sjá nánar á heimasíðu Austurbrúar: <https://austurbru.is/>

Einkunnarorð Austurbrúar eru: *Þekking – þróun – þjónusta* og starfsmenn eru nú 27 og starfa á sjö starfsstöðum vítt og breitt um Austurland. Stærsta starfsstöðin er á Egilsstöðum en þar eru ellefu starfsmenn, á Reyðarfirði eru sjö, í Neskaupstað eru fimm, á Seyðisfirði einn, á Borgarfirði einn, á Stöðvarfirði einn og á Djúpavogi eru tveir starfsmenn. Hlutverk starfsmanna eru ólík og innan Austurbrúar starfar alls konar fólk, með fjölbreytta menntun og reynslu sem nýtist í hin fjölmörgu verkefni sem stofnunin sér um.

Starfsmennirnir á Djúpavogi eru Berglind Einarsdóttir og Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir og verður hér farið stuttlega yfir verkefni sem þær sinna helst:

Berglind hefur yfrumsjón með íslenskukennslu fyrir útlandinga um allt Austurland. Í því felst að hún þarf að finna kennara, safna ákveðnum fjölda nemenda í hvern hóp, tryggja kennsluhúsnæði, kennsluefni og annað sem tilheyrir. Berglind sér einnig um námsleiðina *Íslensk menning og samfélag* sem nú er kennd um allt Austurland, hvoru tveggja í staðnámi og fjarnámi. Þar er lögð áhersla á að kenna um samfélagið sem nemendur búa í.

Berglind hefur nú um tveggja ára skeið unnið að stóru verkefni sem nefnist *Lísa*. Um er að ræða íslenskukennsluapp, eða smáforrit, sem er hugsað fyrir nýbúa og á að hjálpa þeim að ná tökum á íslenskunni. En í appinu er íslenskan m.a. kennd í gegnum samfélögin hér fyrir austan, vinnustaðina, þjónustuna og menninguna. Nýbúarnir læra þannig ekki eingöngu íslensku, heldur einnig um samfélagið sem þau búa í og Austurland í heild sinni. Það verður spennandi að fylgjast með þróun þessa verkefnis áfram.

Berglind sér einnig um dvalarleyfis-, ríkisborgara- og búsetuleyfispróf fyrir allt Austurland og aðstoðar náms- og starfsráðgjafa við raunfærnimat. Til viðbótar, eins og aðrir starfsmenn Austurbrúar, tekur hún að sér alls konar verkefni, prófayfirsetu, ráðgjöf, undirbúning viðburða og ýmislegt fleira.

Halldóra Dröfn hefur yfrumsjón með BRAS, sem er menningarhátíð fyrir börn og ungmenni á Austurlandi. Hátíðin var nú haldin í fimmta sinn í góðu samstarfi við skólaföng, menningarstofnarnir og sveitarfélög á Austurlandi. Í ár voru fjölmargir og fjölbreyttir viðburðir um allt svæðið og sérstök áhersla var lögð á að bjóða austfirskum listamönnum að sjá um vinnustofur og námskeið og vakti það mikla lukku. Sjá nánar á heimasíðu BRAS: <https://www.bras.is/>



Þá sér Halldóra einnig um verkefnið Matarauður Austurlands en hlutverk þess er að kortleggja og kynna matvælaframleiðendur á Austurlandi. Verkefnið hófst haustið 2019 og hefur mikil vinna farið í að auka samstarf og sýnileika milli matvælaframleiðenda og matvælaframreiðenda. Í fyrra og nú nýlega á þessu ári voru haldin Matarmót í Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum. Þar kynnti fjöldi sýnenda vörur sínar fyrir veitinga- og söluaðilum matvæla, fyrir verslunarstjórum dagvöruverslana, fyrir starfsfólki mótuneyta og fleirum. Í ár var yfyrskriftin: *Landsins gæði – Matur í náttúru Austurlands* og voru fengnir fjölbreyttir fyrirlesarar að borðinu sem fjölluðu um þema ársins á fjölbreyttan og ólíkan hátt. Það sem er framundan er að hvetja dagvöruverslanir á Austurlandi til að bjóða uppá austfirskar matvörur í heimabyggð, undir merkjum einkunnarorðanna: *Láttu stjörnuna leiða þig*. Þá er einnig í gangi hvetning til matvælaframleiðenda að merkja vörur sínar með vörumerki Austurlands, Austurlandsstjörnunni, og að hvetja veitingaaðila að setja stjörnuna á matseðla, þ.e. við þá rétti þar sem lykilhræfnið er austfirskt. Á heimasíðu verkefnisins má finna upplýsingar um alla matvælaframleiðendur á Austurlandi, veitingastaði og ýmislegt fleira:

<https://austurland.is/matarauður-austurlands/>



Verkefnið Dagar myrkurs er einnig á borði Halldóru en í því felst að hvetja íbúa til að gera sér dagamun í kringum Hrekkjavöku með því að búa til skemmtilega myrkraviðburði, hvetja til samveru og notalegheita þegar skammdegið hellist yfir okkur. Mjög margir skemmtilegir viðburðir hafa fest sig í sessi og hafa Djúpavogsbúar verið duglegir að búa til flotta og áhugaverða viðburði og taka þátt í því sem í boði er.

Halldóra tók að sér verkefni á síðasta ári sem fólst í því að kortleggja rými á Austurlandi sem henta undir Störf án staðsetningar eða eins og Bygðastofnun vill kalla það; Óstaðbundin störf. Nú er verið að leggja lokahönd á heimasíðu verkefnisins, en þar má finna upplýsingar um þau rými sem í boði eru á Austurlandi og upplýsingar um tengiliði hvers rýmis fyrir sig. Vonir standa til að margir sjái tækifæri í því að koma til okkar og nýta þá aðstöðu sem er í boði og njóta þess að búa og starfa á Austurlandinu góða.

Halldóra er einnig umsjónarmaður starfsstöðvarinnar á Djúpavogi, heldur utan um fjarpróf menntaskóla- og háskólanema. En líkt og Berglind sinnir hún ýmsum tilfallandi verkefnum, situr í markaðsteymi Austurbrúar, sinnir ráðgjöf og ýmsu fleiru.

Austurbrú er fjölbreyttur og skemmtilegur vinnustaður. Segja má að hlutverk Austurbrúar sé fyrst og fremst að hlúa að og styðja við íbúa, fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi, vinna að ýmsum framfaramálum og gera Austurland að enn betri stað til að búa á og heimsækja.

Við hvetjum ykkur öll til að skoða nýtt svæðisskipulag fyrir fjórðunginn – en eins og með ýmislegt annað þá er Austurland fyrsti fjórðungurinn til að vinna og samþykkja slíka framtíðarsýn, en Svæðisskipulag Austurlands gildir frá 2022 – 2044. Það má finna á þessari slóð: <https://austurland.is/mataraudur-austurlands/>

Starfsmenn Austurbrúar á Djúpavogi óska ykkur öllum yndislegar aðventu og gleðilegra jóla og minna á alltaf er hægt að kíkja á starfsstöðina í Sambúð til að fá ráð og aðstoð.

Berglind og Halldóra Dröfn

# FRÁ HEIMASTJÓRN DJÚPAVOGS

Heimastjórn Djúpavogs vill byrja á því að þakka fyrir góða mætingu, spurningar og umræður á íbúafundunum þremur í október og nóvember.

Fyrir okkur er afar mikilvægt að geta hitt ykkur íbúana til að koma upplýsingum til ykkar, fá spurningar og upplýsingar frá ykkur, svara því sem hægt er að svara, afla okkur upplýsinga um það sem við getum ekki svarað og ræða mál.

Teknir voru niður punktar á öllum fundunum sem komu fram í lok síðustu fundargerðar og er unnið áfram með þau mál sem við á. Stefnt er að því að halda slíka fundi tvisvar á ári; næst í mars/apríl.

Þessi heimastjórn hefur nú starfað í hálft ár og fundað fimm sinnum; sjötti og síðasti fundur ársins verður 8. desember. Heimastjórnir fundaðu einu sinni í mánuði og eru fundirnir frá tveimur upp í fjóra tíma og koma gestir inn á fundinn þegar við á. Þess á milli eru óformleg samtöl og fundir til að ræða tiltekin mál og ýta þeim áfram.

Sveitarstjórnarfundir eru einnig mánaðarlega og á þeim fundum gefur formaður hverrar heimastjórnar skýrslu þar sem hann upplýsir sveitarstjórn um helstu málefni síns svæðis. Guðný Lára Guðrúnardóttir frá Seyðisfirði er formaður heimastjórnar Djúpavogs og aðalfulltrúi í sveitarstjórn Múlaþings, eins og aðrir formenn heimastjórnna. Guðný Lára er jafnframt aðalmaður í fjölskylduráði og öldungaráði.

Í sveitarstjórn eru þrír íbúar gamla Djúpavogshrepps varamenn, þau Ásdís Hafrún Benediktsdóttir, Eiður Gísli Guðmundsson og Ólafur Áki Ragnarsson. Þau eru jafnframt öll aðalmenn í umhverfis- og framkvæmdaráði sem er eitt af fastaráðum Múlaþings. Bæði heimastjórnir og sveitarstjórn geta vísað málum til ráðanna og tekið þau til fullnaðarafgreiðslu ef við á.

Eitt af meginmarkmiðum Heimastjórnar Djúpavogs er gott upplýsingaflæði. Því markmiði reynum við að ná með því að nýta Facebook hópinn okkar, Íbúahópur Heimastjórnar Djúpavogs, auk íbúafundanna. Fundargerðirnar eru grunnur upplýsingagjafar, en þær má finna á vef Múlaþings undir Heimastjórn Djúpavogs. Reynt er að hafa þær sem mest upplýsandi sem jókst með fylgiskjölunum og hinni svokölluðu „skýrslu fulltrúa sveitarstjóra“ sem er nú í lok hverrar fundargerðar.

Í skýrslu fulltrúa sveitarstjóra/starfsmanns heimastjórnar er gefin staðan á verkefnum og málum sem eru ekki formlega á dagskrá fundarins en skipta íbúa máli sem og á málum sem hafa verið á dagskrá heimastjórnar en starfsmanni falið að fylgja eftir.

## KJÖRBÚÐIN í næsta nágrenni

### Opnunartími yfir hátíðirnar:

**Þorláksmessa: 9–21**

**Aðfangadagur: 10–13**

**Jóladagur: Lokað**

**Annar í jólum: Lokað**

**Gamlársdagur: 10–13**

**Nýársdagur: Lokað**



Facebook hópurinn er eingöngu fyrir þá sem eru með lögheimili í fyrrum Djúpavogshreppi, en kjörnir fulltrúar í Múlaþingi og sviðsstjórar í stjórnsýslu fá einnig aðgang til að geta miðlað upplýsingum, lagt orð í belg og fylgst með umræðunni. Stjórnendur hópins eru fulltrúar í Heimastjórn Djúpavogs hverju sinni.

Í hópnum eru núna 258 einstaklingar svo gera má ráð fyrir að meirihluti fullorðinna íbúa gamla Djúpavogshrepps sé í honum, en þangað inn er enginn samþykktur sem þar á ekki heima.

Hópurinn er einkum notaður til að:

- Minna íbúa á næsta fund heimastjórnar og að senda inn erindi
- Segja frá því að heimastjórnarfundur hafi verið haldinn og deila fundargerðinni
- Deila upplýsingum um það sem skiptir íbúa máli og kanna hug þeirra til málefna sem koma á borð heimastjórnar
- Vettvangur fyrir íbúa til að spyrja spurninga, fá svör og koma ábendingum til heimastjórnar

Við höfum sömuleiðis lagt áherslu á að íbúar nýti þær samskiptaleiðir sem þeim hentar best. Eins og að koma á skrifstofuna í Geysi og ræða við starfsmann heimastjórnar, Gauta Jóhannesson, sem tók við af Eiði Ragnarssyni í október sl. Opnunartíminn er mán-fim kl. 10-12 og 13-15, fös 10-12. Svo má auðvitað alltaf hringja, senda Messenger skilaboð eða hnippa í okkur á fönnum vegi.

Formleg erindi er best að senda með tölvupósti; annað hvort beint á gauti.johannesson@mulathing.is, heimastjórnarfulltrúana eða á netföngin heimastjorn.djupvogur@mulathing.is og mulathing@mulathing.is.

Á vef Múlaþings (mulathing.is) má svo finna mikið af gagnlegum upplýsingum, þ.m.t. fundargerðir heimastjórna Múlaþings, ráðanna og sveitarstjórnar og upptökur af sveitarstjórnarfundum sl. árs.

Gleðilega hátíð!

Heimastjórn Djúpavogs,

Guðný Lára Guðrúnardóttir, Ingi Ragnarsson Oddný Anna Björnsdóttir og starfsmaður heimastjórnar, Gauti Jóhannesson



# UNGMENNAFÉLAGIÐ NEISTI

Í haust tók við nýr framkvæmdastjóri hjá Neista, Hjörtur Ívan Sigbjörnsson. Auk þess að vera framkvæmdastjóri félagsins sér hann um þjálfun í frjálsum íþróttum, körfubolta og íþróttaskóla yngstu iðkendanna hjá Neista. Skráðir iðkendur Neista eru 65 talsins en skráningar í heildina eru 94 þar sem sumir iðkendur eru skráðir í fleiri en eina grein hjá Neista. Það er hins vegar áhyggjuefni hve iðkendum hjá félaginu hefur fækkað síðustu ár. En ekki er langt síðan að við gátum státað okkur að því að yfir 90% nemenda í grunnskólanum æfðu íþróttir hjá Neista. Nú eru það rétt um 62 %. Skráningar eru betri hjá iðkendum í 1. – 5. bekk en þar eru 84% nemenda sem æfa íþróttir. Hjá eldri nemendum, 6. – 10. bekk, eru það hins vegar eingöngu 43% nemenda sem æfa íþróttir hjá Neista. Er þetta mikið áhyggjuefni og viljum við endilega heyra í foreldrum og nemendum hvað og hvort við getum breytt einhverju í æfingum eða íþróttagreinum til þess að koma betur til móts við þennan hóp iðkenda. Þátttaka foreldra er mikilvæg en sjálfbærliðastarf í íþróttafélagi styrkir undirstöður samfélagsins auk þess sem foreldrar efla tengsl sín við börn sín með því að taka þátt í starfi félagsins og verða þannig mikilvægur þátttakandi í íþróttalíf barnsins.

*Að taka þátt í íþróttastarfi hefur áhrif á líkamshreysti, félagslega og andlega líðan. Þá er hlutverk íþróttar ekki síðra í persónulegri uppbyggingu og þroska einstaklingsins. Þátttaka í íþróttum kennir siðferði, heiðarleika, virðingu, samvinnu, hollustu og skuldbindingu. Í gegnum íþróttaiðkun lærist að takast á við sigur og tap, setja sér markmið, sýna vinnusemi og tillitsemi, vinna í hóp, virða skoðanir og síðast en ekki síst að fara eftir reglum þar sem skýr viðurlög eru við brotum á reglum í íþróttum. Allir þessir þættir endurspeglast í framkomu og vinnusemi þátttakenda í skóla, vinnu og í þátttöku í samfélaginu*  
(<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/hreyfing/hreyfing-og-uppeldi/skipulagt-ithrottastarf/>)

Æfingar sem Neisti býður upp á þetta haustið er knattspyrna í 6 hópum, frjálsar íþróttir og körfubolti í 3 hópum auk íþróttaskólans fyrir yngstu iðkendum sem eru á leikskólaaldri. Tveir þjálfarar starfa hjá Neista. Richardas sér um knattspyrnuþjálfun hjá 5 hópum og áður nefndur Hjörtur Ívan. Áramót geta verið tími breytinga og því viljum við heyra ef einhverjir hafa áhuga á að æfa aðrar íþróttagreinar en þær sem eru í boði núna. Við erum til dæmis að skoða möguleika á sundæfingum eftir áramótin.



*Gjafabréf er góð gjöf*  
Hjá okkur færdu gjöfina fyrir fann sem  
á allt.

*Gisting - Spa - Matur*

*Gefdu einstaka upplifun í jólagjöf*


S:+354 471-1114   hotel@lakehotel.is   www.gistihusid.is

ELDHUSID   GISTIHUSID   BADHUSID

LAKE HOTEL ISLANDIA

Helstu verkefni ungmennafélagsins er að halda uppi æfingum og íþróttastarfi fyrir ungmenni á þessu svæði, sjá um hátíðahöld á 17 júní auk annarra smærri viðburða í samfélaginu okkar. Allt unnið í sjálfbæðastarfi fyrir utan framkvæmdastjóra og þjálfara. En Múlaþing styrkir Ungmennafélagið til að hafa framkvæmdastjóra í 40% starfshlutfalli auk þess sem fyrirtæki á staðnum hafa staðið þétt við bakið á okkur og gert félaginu kleift að halda uppi þessu mikla íþróttastarfi sem nú er. Helstu styrktaraðilar okkar fyrir utan Múlaþing eru Búlandstindur og Ice Fish farm en önnur fyrirtæki hafa einnig styrkt okkur með ýmsum hætti auk íbúanna sem styrkja okkur þegar hinar ýmsu fjáraflanir eru í gangi. Allur fjárstuðningur fer í ungmennastarfið hjá Neista og uppbyggingu svæðisins í Blánni.

Glöggir hafa sjálfsagt tekið eftir því að nú er kominn körfuboltavöllur í Blánni. En það var á vordögum árið 2019 sem hugmynd kom um að gaman væri að vera með körfuboltavöll í Blánni. Mörg sveitarfélög voru þá að setja upp körfuboltavelli með svokölluðu Sportcourt undirlagi. Körfuboltavellir af þessari gerð kosta töluvert og var farin sú leið að safna flöskum og dósnum upp í kostnaðinn. Völlurinn kostar 3,2 milljónir svo töluverðu fjármagni þurfti að safna en þar með er ekki sagan öll því skoða þurfti staðsetningu vallarins, uppsetningu hans og frágang í kringum völinn líka. Við pöntuðum völinn þann 20. maí 2020 og átti hann að koma í júlí sama ár en því seinkaði og seinkaði svo enn meira. Farið var á leit við Djúpavogshrepp (fyrir sameiningu) um að taka þátt í ákveðnum þáttum við uppsetningu vallarins sem Múlaþing (eftir sameiningu) gekk inn í. Völlurinn kom svo loksins á Djúpavog í enda júlí 2021 en þá átti eftir að útbúa svæðið fyrir völinn. Farið var í þá framkvæmd á sumarmánuðum 2022 og með aðstoð duglegra sjálfbæðaliða náðum við að setja upp körfurnar og undirlagið í september. Enn er ekki allt komið því lýsing á völinn og girðing í kringum hann á eftir að koma og munum við þurfa aðstoð sjálfbæðaliða til að ganga frá girðingunni. Við stefnum svo á að vígja völinn með pomp og prakt þegar allt verður tilbúið.




Uppsetning körfuboltavallarins...margar hendur vinna létt verk



Steypuframkvæmdir í Blánni

Í sumar settum við upp 9 holu Frisbígolfvöll og fengum aðstoð Röckva Freyssonar til að setja upp brautirnar. Völlurinn er staðsettur í Þórarinshrauni. Stefnt er að því að fá skilti við völinn fyrir næsta sumar. Þá höfum við fjárfest í nýjum fótboltamörkum, tveimur pannavöllum, segli fyrir vatnsrennibraut og sápubolta auk útitennisborðs sem verður sett upp næsta sumar. Þá keyptum við töluvert af frjálsíþróttadóti til að nýta á æfingasvæðinu okkar út í Blá. Þá langar okkur til að styrkja svæðið okkar enn frekar en hugmyndir hafa komið upp um að gera strandblakvöll en við eigum eitt útinetasett fyrir blak. Krakkarnir hafa komið með hugmynd um að setja hjóla/brettarampa og svo að gera göngustíg í kringum blánnu og út að Borgargarðsvatni. Þannig hringur gæti nýst sem falleg hlaupa/gönguleið og ef það snjóar væri hægt að nýta sem gönguskíðaslóða. Þá væri mögulegt að setja hreystitæki á leiðinni fyrir þá sem vilja taka æfingar á leiðinni. Ungmennafélagið stóð fyrir söfnun á flöskum og dósnum til að standa straum af kostnaði við körfuboltavöll sem tókst mjög vel. Ef fólk hefur áhuga á því að styrkja starf Neista og uppbyggingu svæðisins í Blánni þá vantar alltaf áhugasamt fólk í stjórnina og við tökum vel á móti öllum. Hvetjum við þau sem aldrei hafa starfað í stjórn Neista um að gefa kost á sér í stjórn Neista. Við viljum hafa íþróttir í boði fyrir alla og þurfum því að fá raddir allra inn í stjórnina.


Pórdís Sigurðardóttir, formaður Neista



**Hefðbundin áramótabrenna Neista á  
Hermannastekku verður á gamlársgl. 17:00.  
Nánar auglýst þegar nær dregur.**

# KRAKKASÍÐUR BÓNDAVÖRÐUNNAR

Hjálpaðu jólasveininum að komast til byggða með gjafirnar sínar



Vissir þú að samkvæmt orðaneti Árnastofnunar er 81 orð sem byrja á „jóna...“. Hvað getur þú fundið mörg?

---

---

---

---

---

---

Notaðu ímyndunaraflið og alla litina á heimilinu við að gera þetta tré að jólalegasta jólatré jólanna!



## Jólabrandarar:

Hvað kallar þú jólasvein sem er með eyrnahlífar?

-Hvað sem þú vilt, hann heyrir ekki í þér!



Hvað kallar þú kjúkling á Norður-Pólnum?

-Villtan!



Hver segir Óh, óh, óh?

-Jólasveinninn þegar hann labbar aftur á bak!



Hvað færð þú ef þú mætir snjókarli sem er vampíra?

-Frostbit!

QR-kóði:

Fyrir litla bakara – Skannaðu kóðann og veldu uppskrift af jóla-uppskriftavefnum!



# UPPBYGGINGARTÍMABIL FRAMUNDAN

Þann 26. október 2019 gengu íbúar á Borgarfirði, Djúpavogi, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði galvaskir að kjörkassanum og kusu með sameiningu sveitarfélaganna. Markmiðin voru skýrt afmörkuð í sameiningartillögunni sem hafði verið unnin á opnum grundvelli og með miklu íbúasamráði. Horft var til þess að sameiningin myndi skila okkur öflugum sveitarfélagi sem myndi skapa sóknarfæri til framtíðar með skilvirka stjórnsýslu og eins skila okkur fjölbreyttara atvinnulífi sem hefði sterka rödd gagnvart stjórnvöldum. Sveitarfélagið ætti að vera sterk eining í hagsmunabaráttu fyrir bættum samgöngum með áherslu á Fjarðarheiðargöng, nýjan veg um Öxi, Borgarfjarðarveg og uppbyggingu á Egilsstaðaflugvelli.

Þar var markið sett hátt en sannarlega má nú sjá afrakstur þar sem framkvæmdum við Borgarfjarðarveg er lokið, undirbúningsframkvæmdir við Fjarðarheiðargöng munu hefjast á næsta ári og borun gangna á árinu 2024. Nú er unnið að samningum við landeigendur vegna nýs vegar um Öxi og verður verið hannað í vetur og útboð síðan í framhaldi af því. Það er óhætt að segja að um margt getum við rifist í pólitíkinni en einhugur er í sveitarstjórn um þessar mikilvægu framkvæmdir og höldum við þétt að ríkisvaldinu.

Mikil uppbygging innviða er einnig fyrirhuguð á Djúpavogi og er vinna við aðalskipulag að klárast en með þeirri breytingu er áformað að leggja nýtt fráveitukerfi með lögn frá Innri Gleðivík um bæinn sem fer í dælubrunn innst í Voginum. Þaðan í hreinsivirki á Langatanga með útráslögn til sjávar, norðaustan við Bóndavörðuvatn. Þessi mikla framkvæmd mun gera skólpmengun í Vogu og víkum hverfandi. HEF vinnur einnig að lokaáfangi rannsókna í áður boruðum rannsóknarholum á Búlandsnesi ofan Innri Búlandshafnar. Útlitið er gott, en lokaniðurstöðu er að vænta á næstu vikum og verði niðurstaða jákvæð er stefnt að borun tilraunavinnsluholu á næsta ári. Öryggismál á höfninni eru okkur hugleikin og er nú verið að skoða með hvaða móti hægt sé að loka af þá atvinnustarfsemi sem bæði þarf næði til vinnu en getur líka skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur. Vonir standa til að hægt verði að setja upp girðingar fyrir næsta sumar sem gefur færi á aðgangsstýringu. Gaman er að sjá nýja körfuboltavöllinn og fagnaðarefni að segja frá því að á 10 ára framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins er bæði að finna nýja björgunarmiðstöð sem og stækkun á grunnskóla á Djúpavogi. Að undanskildum fyrirhuguðum hafnarframkvæmdum í Gleðivík. Framkvæmdirnar snúa að stækkun hafnarsvæðis til að tryggja bæði atvinnustarfsemi fyrir fiskvinnslu og móttöku skemmtiferðaskipa. Það er mikilvægt að við byggjum upp grunninnviði sveitarfélagsins og því gott að hafa í huga að við erum ekki í innbyrðis samkeppni, heldur með það að keppikefli að stilla upp framkvæmdum í sveitarfélaginu út frá þörfum.

## LEFEVER SAUCE COMPANY ÞAKKAR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA & SENDIR YKKUR STÓÐANDI HEITAR JÓLAKVEDJUR

**10%  
AFSLÁTTUR  
FYRIR ALLA  
DJÚPAVOGSBÚA  
(OG ANNAD SKEMMTILEGT  
FÓLK)**

**Í VEFVERSLUN  
ALLA  
AÐVENTUNA**

**AFSLÁTTARKÓÐINN ER  
"HEIMA ER BEST"**

**LeFever  
SAUCE CO.**

Hvað stjórnsýsluna varðar má segja að sameiningin hafi tekist vel til og nú ætti flestum íbúum að vera það ljóst að saman höfum við meiri breidd, sérhæfing starfsmanna er meiri og fé til framkvæmda er meira en áður var. Þar með er geta til stórra framkvæmda meiri.

Ég vil að lokum senda hugheilar jóla- og nýárskeðjur með von um að komandi ár reynist okkur heillarátt.

Jónína Brynjólfsdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlaþings og formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs.



## Jólatré - Jólatré - Jólatré

Sunnudaginn 11. desember 2022, frá kl. 13:00 – 14:00  
verða seld jólatré úr skógræktinni.

Farið er á bílastæðið við Hálsaskóg og fólk getur valið sér tré.  
Komið með eigin sög ef þið viljið saga sjálf. Verð kr. 3.000.-

Sjáumst hress

*Skógræktarfélag Djúpavogs*

# Ert þú með frábæra hugmynd?

Byggðarráð Múlapings auglýsir til umsóknar styrki til menningarstarfs á árinu 2023 með umsóknarfrest til og með 13. desember 2022.

Múlaþing veitir menningarstyrki til almennrar liststarfsemi, viðburða eða verkefna. Umsækjendur skulu tengjast Múlaþingi með búsetu, með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Múlapings.

Styrkir eru að upphæð 50.000 – 500.000 kr.

Sótt er um styrk með rafrænum hætti á Íbúagátt sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vinsamlegast hafið samband við verkefnastjóra menningarmála fyrir frekari upplýsingar og ráðgjöf.

Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir verkefnastjóri menningarmála á [heiddis.gudmundsdottir@mulathing.is](mailto:heiddis.gudmundsdottir@mulathing.is) eða í síma 4 700 700.

# Do you have a great idea?

Múlaþing Executive Board calls for applications for cultural project grants for 2022. The application deadline is December 13th 2022.

Múlaþing cultural grant is intended for artistic activities, events, or projects. Applicants must be connected to Múlaþing in some way, either through residence, that the event takes place in Múlaþing or includes a promotion for Múlaþing's cultural activities.

Grants are in the amount of 50.000 – 500.000 kr.

To apply please use the municipality Resident Portal. Further information about the application process can be accessed on the municipality's website or for advice please contact cultural project manager Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir at [heiddis.gudmundsdottir@mulathing.is](mailto:heiddis.gudmundsdottir@mulathing.is) or by phone 4 700 700.

[www.mulathing.is](http://www.mulathing.is) | 4 700 700



# BRAS Í MÚLAÞINGI



Barnamenningarhátíðin BRAS var haldin í fimmta sinn á Austurlandi nú í haust. Einkunnarorð hátíðarinnar eru Þora! Vera! Gera! þar sem leiðarljós hátíðarinnar er að hvetja börn á Austurlandi til að þora að vera þau sjálf og framkvæma á eigin forsendum. Markmiðið er að búa til vettvang þar sem öll börn á Austurlandi geta unnið saman á jafningjagrundvelli óháð móðurmáli, tungumálakunnáttu og búsetu. Unnið er þvert á þjóðerni, byggðakjarna og aldur.

Megináherslan í ár var sjálfsmynd ungs fólks og hvernig þau geta verið þau sjálf í samskiptum við aðra. Yfirskriftin var „Ég um mig frá mér til þín“. Fjölbreyttir viðburðir voru haldnir í öllum kjörnum bæði innan skóla og utan hans fyrir börn og ungmenni. Á Djúpavogi bauð myndlistarkonan Íris Lind upp á Náttúrubras í Hálsaskógi þar sem börn og foreldrar unnu listverkefni í náttúrunni og áttu góða samverustund.

Kristín Vilhjálmsdóttir, kennari og menningar- og tungumálamiðlari heimsótti Djúpavogsskóla og bauð upp á Menningarmót þar sem nemendur fengu tækifæri til að læra á og kynna sína persónulegu menningu í hvetjandi umhverfi. Eftir vinnu í skólanum sýndu nemendur afraksturinn í Vogshúsi sem gekk sérlega vel og þykja bæði börn og fullorðin hafa lært betur um hvort annað en ekki síst sjálf sig.

Múlaþing bauð leikskólabörnum upp á danssýninguna Manndýr, sem er þátttökusýning um hlutverk mannsins út frá sjónarhorni barna. Þar var merkilegt að sjá hvernig dansarinn Aude Busson náði börnunum hægt og rólega í leik án þess að nota orð. Við færum Ars Longa sérstakar þakkir fyrir að leyfa okkur að vera í Vogshúsi og börnunum fyrir sína þátttöku og næveru.

*“Geggjuð sýning og virkilega gaman að sjá upplifun barnanna í andlitum þeirra með undrun, gleði, hræðslu og algjörlega agn dofna. Þau voru algjörlega hugfangin af því að fylgjast með og þegar þau fengu svo sjálf að taka þátt þá nutu þau sín svo innilega að innri ró þeirra var næstum áþreifanleg. Algjörlega magnað og þau voru alsæl þegar við komum til baka upp í leikskóla og sögðu öllum sem heyra vildu hvar þau höfðu verið og lýstu upplifun sinni.”*

Tilvitnun frá deildarstjóra Bjarkatúns



Þá eru mörg spennandi verkefni ótalin en gríðarleg samstaða er milli allra kjarna um að hátíðin sé sem veglegust og fái að vaxa og dafna samhliða börnunum. Tilhlökkun eftir næsta BRAS er strax farin að krauma og sú hátíð verður vonandi enn fjölbreyttari og skemmtilegri!

Heiðdís Hólm  
Verkefnastjóri menningarmála hjá Múlaþingi

# FRÁ LEIKSKÓLANUM BJARKATÚNI



Á haustdögum fékk leikskólinn Bjarkatún afhentan grænfánann í fimmta skiptið en fáninn er afhentur til tveggja ára í senn. Við höfum unnið ötullega að þeim grænu skrefum sem fylgja þarf til þess að geta kallast Grænfánaskóli. Þau þemu sem við höfum unnið með síðustu 8 ár eru neysla og úrgangur, orka, áttahagar og landslag, lýðheilsa og vatn. Í ár stefnum við á að vinna með lífbreytileika auk þess að halda áfram að vinna með þau þemu sem við höfum verið að vinna með síðustu ár. En hvernig höfum við verið að vinna með þessi þemu? Áður en farið er af stað með ákveðna þemavinnu höldum við fund með elstu nemendum sem ákveða hvað þeim finnst áhugavert að skoða. Eftir að ákvörðun er tekin fyllum við út þar til gerðan gátlista sem er frá Landvernd. Nemendurnir koma með hugmyndir hvað við getum gert í tengslum við þemað og í haust völdu þau lífbreytileika og komu með þá tillögu að við myndum gera pöðduhótel. Annað þema sem við höfum unnið út frá, og erum að vinna áfram með, er neysla og úrgangur. Þar flokkum við allt sem fer frá okkur og sjá krakkarnir um það að koma því í grænu tunnuna. Við eigum moltutunnu sem við setjum reglulega í til að búa til moltu sem er svo sett í gróðurkassana okkar. Við höfum ræktað okkar eigið grænmeti í gróðurkössum við leikskólann en líka sett niður fræ eins og eplasteina (eigum tvö stór eplatré), appelsínusteina (eigum eitt appelsínutré) og tómataþlöntu sem gaf okkur nokkra tómata í sumar. Í öllum gönguferðum tínum við rusl sem við finnum auk þess að fara reglulega í ruslaferðir og tínum þá á svæðinu í kringum leikskólann. Við erum líka að vinna með vatn og orku þar sem við fræðumst um orkuvirkjanir og hvaðan við fáum rafmagn og vatnið. Við höfðum rafmagnslausan dag og rafmagnsdag þar sem við fengum allskonar tæki sem nota rafmagn en líka öfugt þar sem við máttum ekki nota neitt sem þarf rafmagn. Við pössum að slökkva ljósin í þeim herbergjum sem enginn er í og að láta vatnið ekki renna að óþörfu. Á rigingardögum höfum við leikið okkur með vatnið og gert vatnsveitur, skurði og læki. Við ræðum mikið við matarborðið um mikilvægi hollrar næringar og að við séum ekki að fá okkur of mikið á diskinn heldur bara eins og við ætlum að borða. Þá tókum við upp á því að fara í hugleiðslu og slökun reglulega þar sem þau læra öndun og hlusta á róandi tónlist. Áttahagar og landslag höfum við líka unnið með en þá förum við í gönguferðir þar sem við skoðum ákveðin svæði í kringum okkur eins og Bóndavörðuna og kíkjum út að Fýluvogi eða Breiðavogi. Við göngum í fjölbreyttu landslagi þar sem börnin ganga á sléttlendi, í þúfum og mýri eða í klettum. Eins og áður kom fram ætlum við að vinna með lífbreytileika og voru krakkarnir mjög áhugasamir um að gera pöðduhótel en hópurinn sem er núna á Kríudeild er mjög áhugasamur um skordýr og lífríkið í náttúrunni. Við förum líka í heilmikinn ruslaleiðangur eftir fyrsta storminn í september og fundum tvær ruslatunnur sem við náðum að setja allt lauslegt rusl ofan í ...og tunnurnar urðu næstum því fullar.

Pórdís Sigurðardóttir deildarstjóri



# SKÓGRÆKTARFÉLAG DJÚPAVOGS 70 ÁRA



Sumardaginn fyrsta árið 1952, sem bar upp á 24. apríl það árið, var Skógræktarfélag Djúpavogs stofnað. Félagið fagnar því 70 ára starfsafmæli í ár. Stofnfélagar Skógræktarfélags Djúpavogs voru félagar í Ungmennafélaginu Neista á Djúpavogi og voru stofnfélagar um 30 talsins.

Strax sama ár og félagið var stofnað var því úthlutað um 2 hektara landi við gamla Búlandsnesbæinn, innan við Djúpavog. Reiturinn er staðsettur í sérstöku landslagi sem einkennist af fallegum klettamyndum, hömrum og kvosum. Hafist var handa við að girða svæðið af og einn félagsmanna gaf staura í girðinguna en þá þurfti að bera úr Veturhúsum í Hamarsdal og að næsta bílfæra vegi, sem var 5 km leið. Fyrstu plönturnar voru svo gróðursettar þetta sama sumar og elsti hluti skógarins er því jafngamall félaginu, 70 ára. Það var svo árið 2007 sem farið var að leita að nafni á skóginn (í eldri ritum er talað um Búlandsnesskóg, Skógræktarritið 1990) og kom tillagan að Hálsaskógi frá grunnskólabarni sem eflaust hefur hlustað og hrifist af leikritinu fræga eftir Thorbjörn Egner en nafni er líka vísun í Hálsana sem skógurinn liggur undir.

Skógurinn var formlega vígður sem Opinn skógur 21. júní árið 2008 en markmið þess verkefnis Skógræktarfélags Íslands er að opna skógræktarsvæði við alfaraleiðir sem eru í umsjón skógræktarféлага. Aðstaða og aðgengi er í fyrirrúmi í Opnum skógum svo að almenningur geti nýtt sér skógana til áningar, útivistar og heilsubótar.

Eftir að Hálsaskógur varð Opinn skógur hafa verkefni eins og grisjun og stígagerð bæst við gróðursetningarnar. Yfir sumartímann hittast nokkrir félagar vikulega í skóginum og hlúa að plöntum, grisja og laga stíga. Aðstaða til útivistar og hreyfingar er orðin góð í Hálsaskógi og er skógurinn einn vinsælasti útivistarstaður íbúa sveitarfélagsins og þar ber margt forvitnilegt fyrir augu. Þar hafa verið settar upp trjátegundamerkingar og upplýsingaskilti. Ágætir stígar liggja um skóginn sem eru tilvaldir til léttra gönguferða og víða eru áningarstaðir með borðum og bekkjum að ógleymdu grillinu sem margir nýta sér á góðviðrisdögum.

Einnig má finna í skóginum aðstöðu fyrir sviðslistir og svæði fyrir minni veisluhöld. Þar eru haldnar hátíðir, afmælisveislur, brúðkaup og útimessur. Skógræktarfélagið hefur tekið þátt í Dögum myrkurs, ýmist með því að hvetja íbúa til að setja upp viðburði í skóginum eða með því að taka þátt sjálft. Töfratré og kertaljós í skóginum hafa vakið ánægju barna og fullorðinna og vofurnar sem bættust í hópinn í ár vöktu vonandi ánægju en ekki hræðslu. Markmið skógræktarféлага er að á Dögum myrkurs geti börnin áfram fetað skógarstígana með vasaljós þar til þau finna töfratré sem glitrar í skini vasaljósanna.

Frá upphafið hefur hugsjón félagsmanna verið að græða og klæða landið og er sú hugsjón enn í fullu gildi. Í upphafi skógræktar á Búlandsnesi var aðallega gróðursett greni en síðari árin hefur það mest verið birki. Árlega hafa verið gróðursett á bilinu 3.000-5.000 tré. Skógræktin sem í upphafi var á tveimur hekturum nær nú orðið yfir 50 hektara svæði.

Án mikillar vinnu sjálfbóðaliða undanfarin 70 ár, ásamt velvildar íbúa, fyrirtækja og stuðnings sveitarfélagsins við útplöntun á síðari tímum, væri enginn Hálsaskógur og ekki væri að vaxa upp birkiskógur víða undir Hálsunum. Skógræktarfélag Djúpavogs hefur síðan fengið stuðning Skógræktarfélags Íslands við að grisja í skóginum og Landgræðslusjóður hefur styrkt félagið til kaupa á kurli í stíga og til að ráða verktaka í grisjun. Á síðasta ári barst svo félaginu öflugur liðsauki þegar hópur Veraldarvina mætti reglulega í Hálsaskóg til að taka til hendinni. Með þeirra aðstoð tókst meðal annars að lengja göngustígakerfið og sinna viðhaldi á eldri stígum. Eftir ofsarokið og tjónið sem varð í Hálsaskógi í september síðastliðnum er fyrir séð að Skógræktarfélagi Djúpavogs og Hálsaskógur þurfa enn sem fyrr, og kannski aldrei sem nú, á velvilja og vinnuframlagi sjálfbóðaliða úr röðum heimamanna og Veraldarvina að halda.

(Byggt á grein Sigríðar Hrefnu Pálsdóttur, formanns Skógræktarfélags Eyfirðinga, sjá <https://www.kjarnaskogur.is/post/skf-djupavogs-70>)

# FRÁ ZION

Haustið 2022 fór af stað með hveli. Kuldaboli var haldinn í fyrsta skiptið í 3 ár. Við fórum flest og tókum þátt. Þetta var í fyrsta skiptið sem einhver á unglingadeild hafði farið og við vorum sjúklega spennt. Kuldaboli var ógeðslega skemmtilegur og við hlökkum til að mæta aftur eftir ár. Við sendum 4 fulltrúa á Landsmót Samfés sem haldið var á Stykkishólmi. Veðrið var hræðilegt og við urðum að leggja af stað fyrr heim. Þegar upp var staðið vorum við svipað lengi í rútunni og á viðburðinum sjálfum. Landsmótið var samt mjög skemmtilegt og við lærðum margt. Kirkjumótin hafa verið á sínum stað og fórum við mörg á mótið á Vopnafirði. Það hefur því verið mikið um ferðlög og fjör frá því að skólinn byrjaði.



Við unglingarnir stefnum á að halda sameiginlegt ball fyrir félagsmiðstöðvar Múlapings á Djúpavogi á næstunni. Þetta verður fyrsta ball fyrir unglinga sem hefur verið haldið á Djúpavogi síðan við sameinuðumst í eitt sveitarfélag. Við erum mjög spennt fyrir því að halda ballið og erum á fullu að skipuleggja.

Að lokum viljum við deila með lesendum uppskrift sem ætti að gleðja alla matgæðinga.

Unglingar Djúpavogs.

## Hin fullkoma pulla

Þú byrjar væntanlega á því að setja pullurnar í pottinn við miðlungshita. Svo setur þú brauðið í örbylgjuofninn í 30 sekúndur max! Athuga að það sé vatn í pottinum! Þá tekur þú brauðið, setur tómatsósu, steiktan, remúlaði og að lokum hráan lauk (dass) í þessari röð. Ef þú vilt vera fancy þá setur þú sinnepið ofan á pulluna og lætur hana vísa upp svo það lúkki eins og hún brosi. ATH!!! Pulla er 3-4 bitar max og ekki til deilingar.

Ásættanlegir drykkir sem fylgja pulluáti

• Nýmjólk • Kókómjólk • Coca Cola • Appelsín



## Íþróttamiðstöð Djúpavogs

### Opnunartími yfir hátíðirnar

23.12 – 10:00-15:00

27. - 30.12 – 9:00-20:00

24., 25., 26., 31. des  
og 1. jan - lokað

# BESTA SKÚFFUKAKAN

Í síðasta blaði Bóndavörðunnar skoruðu þær mæðgur, Rán og Freyja, á mig að deila með ykkur uppskrift af „bestu afmæliskökunni“. Eins og eflaust mörg er ég búin að prófa nokkrar uppskriftir um ævina og þessi hér, sem ég deili með ykkur, er einfaldlega best. Uppskriftina fékk ég upphaflega af síðunni Eldhússögur, en er búin að aðlaga hana að því sem hentar mér. Ég nota hana sem grunn í alls konar kökur, ekki bara skúffuköku. Uppskriftin hér að neðan passar líka í þrjú hringlaga form og svo hef ég einnig notað hana í bollakökur. Grunnuppskriftin kemur hér og síðan ætla ég að gefa ykkur góð ráð að því hvernig er hægt að útfæra hana á a.m.k. tvo aðra vegu:

## Besta skúffukakan:

- 255 g brætt smjör
- 3 dl sykur
- 3 dl púðursykur
- 3 egg
- 7-7,5 dl hveiti (fer eftir magni af kakói)
- 1,5 tsk matarsódi
- 1,5 tsk lyftiduft
- 4,5 tsk vanillusykur
- 1-1,5 dl kakó (fer eftir magni af hveiti)
- 3,75 dl karamellusúrmjól
- 1 dl sjóðandi heitt vatn

Smjör og sykur þeytt vel saman, eggjunum bætt út í, einu í einu. Þurrefnin sett í skál, þeim blandað saman og þau sigtuð.

Helmingur af þurrefni og helmingur af súrmjól sett út í hrært eins lítið og hægt er. Rest af þurrefnum og rest af súrmjól sett út í og hrært mjög lítið.

Að lokum er 1 dl af sjóðandi heitu vatni sett út í deigið og hrært saman við með sleikju.

Bakað við 200 gráður í ca. 20 mínútur.

## Smjörkrem:

- 500 g mjúkt smjör
- 2 pk flórsykur (1 kg)
- (kakó eftir smekk – ef vill)
- 2 msk vanilludropar
- 2-4 msk volg mjól
- Matarlitur

Smjörin hrært vel og lengi með K-inu þar til það lýsist (skafa nokkrum sinnum niður)

Flórsykri bætt við í fjórum skömmtum – hræra vel og skafa niður á milli

Vanilludropar og mjól í restina – gott að byrja á 2 msk af mjól og setja svo 1 - 2 í viðbót þar til gott er að vinna með kremið. Ef það er settur matarlitur þá er kreminu skipt niður í nokkrar skálar og hver litur fyrir sig hrærður saman við. Sett í sprautupoka með ólíkum stútum til að fá ólíka áferð.

## Aðrar útfærslur

Þegar ég geri vanilluköku, þá bæti ég við 1 dl af hveiti og sleppi kakóinu. Í stað þess að nota karamellusúrmjól nota ég jarðaberjasúrmjól sem er mjög gott. Þá er líka gaman að leika sér með ólíka liti á deiginu, gera t.d. regnbogatertu, eða eitthvað skemmtilegt.

Fyrir jölin finnst mér gott að setja „jölakrydd“ í deigið og þá minnka ég kakóin um helming (0,75 - 1 dl kakó) og set 1,5 tsk af kanil og 1,5 tsk af allra handa kryddi. Það er líka hægt að setja 1 tsk af pipar og þá er maður kominn með piparkökubragð.

Ég vil síðan skora á þær mæðgur í Fossárdal, Öldu og Guðnýju Grétu og bið þær að deila með okkur uppskrift af dásamlegum, heimagerðum bjúgum.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir



# „ÞESSI OPNA VÍÐÁTTA OG NÁLÆGÐIN VIÐ FJÖLL OG HAF ER HIMNESK Á DJÚPAVOGI“

Nú gefur einn tengdasona Djúpavogs, Philip Barkhudarov, út sína fyrstu sólóplötu. Hann hefur komið fram sem söngvari út um allan heim og að sjálfsögðu þó nokkrum sinnum á Djúpavogi. Bóndavarðan tók hann tali og skyggdist bakvið tjöldin í hans listsköpun og fleira.


Philip Barkhudarov fæddist í Moskvu, en ólst upp í Sheffield, Englandi og Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum. Síðar bjó hann í Hollandi í 15 ár þar sem hann stundaði nám og vinnu. Philip er giftur góðkunnri Ingunni Sigurðardóttur sem uppalin er á Djúpavogi en þau búa um þessar mundir í Reykjavík. Philip starfar sem atvinnusöngvari en er einnig með meistaragráðu í tölvunarfræðum. Hann hefur starfað sem söngvari í að verða 10 ár en hann hefur sungið í kórum frá því að hann var 12 ára gutti. „Ég hafði alveg framúrskarandi kórstjórnanda á skólaárum mínum í Nýju-Mexíkó sem hjálpaði okkur að falla alfarið fyrir söngnum.“ Aðspurður hvort þetta sé hans fyrst reynsla á tónsmíðum lýsir Philip því að áður fyrr hafi það reynst honum erfitt að semja tónlist „ég komst aldrei lengra en þrjár nótur. Einhvern veginn kom ekki flæði“ en svo breyttist eitthvað hjá Philip og síðustu tvö árin, sérstaklega í covid, fór þetta að renna „og allt í einu var ég kominn með safn laga, efni í heila plötu“. Platan heitir nafninu *Existence Shade*, eða *Tilveruskuggi* á íslensku, sem er nafn á sonnettu sem Philip samdi fyrir mörgum árum. „Titillinn kafar í tilvistarstefnu, eða existensialisma, og þverstæður tilveru og engrar tilveru. Titillinn vísar sérstaklega til hugmyndarinnar að kannski vorum við öll í birtunni áður en við fæddumst og svo við fæðingu stígum við inn í eins konar *tilveruskugga*“



Eins og áður sagði hefur Philip áður reynt að semja tónlist en segir það aldrei hafa gengið. En hann hefur þó mikið samið ljóð í gegnum árin. Svo prófaði hann að semja tónlist við ljóðin sín og þá fór allt að flæða og ferlið varð honum afar eðlislægt. Allt í einu komu til hans laglínur, hljómsætning, lög og heildrænn hljómur varð til.

Í Covid byrjaði Philip einnig samstarf við söngtríóíð Les Itinérantes, vini hans í Frakklandi, og Söru Weeda, hollenska söngkonu sem Philip syngur með í sönghópnum ANÚNA. Þau byrjuðu að taka upp lög saman í gegnum fjarfundarbúnað, hvert í sínu landi. Öll tók þau upp sína rödd í sínu heima og svo blandaði Philip þeim saman í tölvunni sinni. Í fyrstu tóku þau lög eftir aðra, eða svokallaðar ábreiður. En með tímanum, smátt og smátt, þróaðist þetta yfir í þeirra eigin tónlist. Þegar slaknaði á Covid takmörkunum hugsaði Philip með sér hvort ekki væri ráð að hittast loksins í raunheiminum og taka upp tónlist. Platan er því unnin í samvinnu við franska söngtríóíð og söngkonuna Söru Weeda. Elodie Pont, sem er ein söngvaranna í tríóinu, samdi einnig tvö lög á plötunni við ljóð frá Philip.

Platan hefur verið í vinnslu í 1 – 2 ár. En ef litið er á sköpunarferlið og ljóðin sem tónlistin er samin við má segja að hún hafi verið í mótun í 20 ár. Elstu ljóðin á plötunni samdi Philip í kringum árið 2005. Plötuútgáfa hefur alltaf verið draumur Philips og má kannski þakka Covid að hann gat gefið sér tíma frá öðrum verkefnum til að láta hana verða að veruleika. Okkur öllum til hagsbóta.



**Íbúar fyrrum Djúpavogshrepps, landeigendur og allir sem unna Hamarsdal.**

**Erlend orkufyrirtæki, með stuðningi Íslendinga, ásælast Hamarsdal og ósnortna náttúru.**

**Stöndum vörð um Hamarsdal og dýrmæta nátturu hans og Sviðinhornahrauns.**

**Forðumst að verkefnið R 4198 A verði að veruleika.**

**Stefán Skafti Steinólfsson og Hrefna Ólafsdóttir.**

Lögin á plötunni eru átta talsins. Þau eru bæði sungin á ensku og finnsku. Textarnir eru allir eftir Philip nema einn textanna er finnskt þjóðljóð sem Philip féll kylliflatur fyrir, en það fjallar um náttúrufegurð, ást og missi.

Aðspurður hvort Philip eigi sér uppáhaldslag á plötunni sinni svara hann að erfitt sé að gera upp á milli barnanna sinna. „Lagið *Little girl* snertir mig í hjartastað þar sem það fæddist upp úr erfiðu tímabili í lífi mínu: æskuástin mín eignaðist barn, litla stúlku, með öðrum manni og lagið er merkt þeirri litlu stúlku.“ Lagið *The Forest* er honum einnig mjög kært þar sem það tengist sögunum sem amma hans sagði honum og frændsystkinum hans þegar þau voru lítil og þeirri tilfinningu eða nostalgiu sem skapast hjá Philip þegar hann hugsar þá daga í sveitinni í skógum Rússlands.

Philip er einn af þeim sem semur tónlist við texta sem áður er til. Algengt er að gera þveröfugt, þar sem laglína kemur til fólks og svo texti við lagið. Philip vill meina að laglína sem hentar textanum komi áreynslulaust. Því næst tekur hann upp undirspil, svo eru raddirnar teknar upp og í lokin er skreytt með auka röddum sem búa til hljóm og áferð.



Sökum aðstæðna í Covid þá hefur Philip samið mest heima hjá sér. En hann telur kjöraðstæður til tónsmíða almennt vera úti í sveit og náttúrunni, bæði fyrir ljóðagerð og tónlist. Djúpvogur býr því yfir kjöraðstæðum til að búa til tónlist. Það má segja að Djúpvogur hafi fengið að spila smá hlutverk í plötunni hans Philips. „Þessi opna víðátta og nálægðin við fjöll og haf er himnesk á Djúpvogi og einnig var ég svo heppin að fá að æfa mig í Djúpvogskirkju á meðan á heimsóknum mínum stóð. Smám saman fór ég að prófa mig áfram með ný lög og taka upp nýja hljóma. Stórir gluggarnir og mikilfenglegt útsýnið kveikja neista hjá mér“.

Platan verður aðgengileg á Spotify, iTunes og flestum tónlistar streymisveitum. Platan sjálf í hlutlægu formi kemur svo út í nóvember. Ekki er enn á dagskrá að halda tónleika á Djúpvogi en Philip segir þó að það verði að gerast einhvern tímann fljótlega.

Aðspurður hvort hann sé mikið jólabarn segir hann svo sannarlega vera þó svo hann komist ekki með tærnar þar sem Ingunn hans hefur hælana. „Ein af mínum jólahæðum er að smíða legó á hverjum jólum. En jólin fyrir mér eru einnig að spila spil með fjölskyldunni, matargerðin hennar mömmu, samvera með vinum og almenn slökun. Í jólamatinn er Philip vanur að borða *New Mexican Chile* eða chili-pipar frá Nýju-Mexikó. En það er chili-pipar sem er bakaður og síðan settur á allt, á tacó, hamborgara, pítsu, pönnukökur, burritó og hvað sem er.



## Jólaakveðja frá Geislar Gautavík

Íbúar gamla Djúpvogshrepps fá 15% afslátt af öllum vörum og afhendingu heim að dyrum fram að jólum.



# DJÚPAVOGSDEILDIN 2022

Djúpavogsdeildin fór fram í fjórða sinn í sumar og er orðin fastur liður í því flotta starfi sem fram fer hjá Neista. 6 stórglæsileg lið skráðu sig til leiks; Hótel Framtíð, Laxar/Búlandstindur, Vetrarbruni, Vigdís Finnboga, Hnaukabúið og FMD. Opnunarleikurinn fór fram á hvítasunnuhelginni og var spilað mótið þéttar en áður hefur verið gert. Áfram var leikið í tórnum, þrír leikir á leikdag og deild lokið 15.júlí. Það gekk mest megnis eftir og fór deildin í heildina litið vel fram. Þegar leið á dró eitt lið sig úr keppni.

Í Djúpavogsdeildinni má sjá allt sem góð fótboltadeild þarf að hafa; tilprif, tæklingar, klúður, bros, tár og takkaskó. Nýliði deildarinnar FMD (Fiskmarkaður Djúpavogs) stóð uppi sem sigurvegarar eftir æsispennandi og eldheitan úrslitaleik 15.júlí. Jón Friðrik Sigurðsson afhenti verðlaunabikar deildarinnar en hann hefur styrkt Djúpavogsdeildina með eignar- og farandsbikar frá upphafi.

Í öðru sæti var lið Hnaukabúsins en það spilaði sinn fjórða úrslitaleik og hefur því spilað alla úrslitaleiki Djúpavogsdeildarinnar frá upphafi.

Svo tókst loksins að halda langbráð lokahóf Djúpavogsdeildarinnar þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir hin ýmsu tilprif. Einnig var kosning um mann leiksins á facebook-síðu deildarinnar eftir hvern einasta leik og allt var þetta verðlaunað á lokahófinu.

Eftirfarandi leikir fóru fram og eftirfarandi leikmenn voru kosnir menn leiksins:

## 1. umferð:

Hótel Framtíð - FMD = **Francisco Gomez Vides**

Vigdís - Vetrarbruni = **Askur Egilsson**

Laxar/B. - Hnaukabúið = **Þórdís Ósk Ólafsdóttir**

## 2. umferð:

Vetrarbruni - Hótel Framtíð = **Henrý Daði Þórisson**

Hnaukabúið - Vigdís F = **Guðrún Elín Ævarsdóttir**

## 3. umferð:

Hnaukabúið - FMD = **Nökkvi Sigrúnarson**

Vigdís F - Hótel Framtíð = **Henrý Daði Þórisson**

## 4. umferð:

Vigdís F - FMD = **Greta Mjöll Samúelsdóttir, Hera Líf Liljudóttir, Alfred Örn Finnsson, Anna Jóna Steinpórsdóttir**

## 5. umferð:

Hnaukabúið - Hótel Framtíð = **Þórir Stefánsson**

Vetrarbruni - FMD = **Lilja Dögg Björgvinsdóttir**

Úrslitaleikurinn 2022: Hnaukabúið - FMD = **Baldur Sigurðsson**



FMD sigurvegarar Djúpavogsdeildarinnar 2022



Leikmaður deildarinnar



Nýliði ársins



Fjölskylduframmistaða ársins



Vigdís Finnboga - lið ársins



Ekki mark ársins



Markvarsla ársins



Grófasti leikmaðurinn



Mark ársins

Einnig var sérstök kosning þegar öllum leikjum deildarinnar var lokið þar sem ýmis tilþrif voru verðlaunuð:

Leikmaður deildarinnar: **Davíð Örn Sigurðarson**

Nýliði ársins: **Nökkvi Sigrúnarson**

Lið ársins: **Vigdís Finnboga**

Neisti deildarinnar: **Hekla Pálmadóttir**

Mark ársins: **Stefán Kjartansson**

Ekki mark ársins: **Alfreð Finnsson**

Markaskorar deildarinnar: **Kristófer Dan Stefánsson & Gísli Örn Alfreðsson**

Markvarsla ársins: **Auðbjörg Elísa Stefánsdóttir**

Grófasti leikmaðurinn: **Sigurjón Stefánsson**


Fjölskylduframmiðastaða ársins: **Fjölskyldan í Rein sem afrekaði að spila öll 6 manna fjölskyldan ásamt tengdabarni í einu og sama liðinu FMD.**

Eftirminnilegasta atvikið: **Davíð Örn og Nökkvi.** Erfitt er að lýsa atvikinu í orðum. Svo virðist sem fólk þurfi raunverulega að sjá til að skilja. Upptökur leikjanna eru aðgengilegar á facebook-síðu deildarinnar [www.facebook.com/groups/djupavogsdeildin](http://www.facebook.com/groups/djupavogsdeildin)

Stjórn Djúpavogsdeildarinnar þakkar fyrir enn eitt fyrirtaks fótboltasumar og hlakkar til að sjá heimsklassa tilþrif á næsta ári. Ekki er við öðru að búast enda undirbúningstímabilið að hefjast og flest lið með háleit markmið. Svo væri gott að enginn myndi fótbrotna í næsta úrslitaleik. Höfum það á bakvið eyrað!

Stjórn Djúpavogsdeildar Neista,  
Greta, Hafdís, Kristjófer Dan & Natan.

## Rán bátasmiðja þakkar liðin ár & óskar öllum velferðar



# BÓKAKLÚBBURINN LESMÁL

**Síðustu misseri hefur liðurinn „Á hvað ertu að hlusta, horfa, lesa“ fest sig í sessi í Bóndavörðunni. Því var kærkomið að fá eina virka bókaklúbbinn (sem Bóndavarðan veit af) á Djúpavogi til að svara spurningunum í þetta skiptið. En áður en vaðið er í þær upplýsingar frá meðlimum klúbbsins varð aðeins að skyggjast fyrir um þennan flotta leshóp.**

Bókaklúbburinn fékk aldrei nafn en þegar Ásdís stofnaði samskiptahóp á Facebook fyrir hann var hann til bráðabirgða kallaður Lesmál. „Þetta er búið að vera til svona bráðabirgða síðan 2019 þegar klúbburinn hittist fyrst, svo nafnið er sennilega komið til að vera“ segir Ásdís Hafrún Benediktsdóttir, aðspurð um nafn klúbbsins. „Þetta er frekar lítill bókaklúbbur, og þó, kannski ekki miðað við höfðatölu í pósthúsum 765-766. En við erum fimm félagar í honum“ heldur Ásdís áfram. Auk Ásdísar eru þær Bergþóra Birgisdóttir, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir, Ingibjörg Helga Stefánsdóttir og Krístrún Björg Gunnarsdóttir sem skipa hópinn. Allt konur með misjafnan bókasmekk en lesa samviskusamlega ýmsar bækur sem þeim jafnvel dytti aldrei í hug að velja sjálfar. Með því vill hópurinn meina að þeim aukist víðsýni og þroski.

Bókaklúbburinn varð til svona eins og margt annað, bara óvart í spjalli. Þó viðurkennir Ásdís að það hafi eflaust átt rætur sínar að rekja í samtal sem hún átti við Bergþóru þar sem hún minntist á að hún saknaði ekki margt af höfuðborgarsvæðinu nema bókasafna, leshringja og afkomendanna. Það kom í ljós að Bergþóru hafði alltaf langaði til að vita meira um fyrirkomulag leshringja og vissi að nokkrar konur sem þær þekktu báðar lásu mjög mikið. Hún hóaði síðan í þær hinar og „eithvað hlýtur að vera gaman að þessu því engin hefur enn gefist upp“.

Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og miðað er við annan mánudag hvers mánaðar. En af því þetta er lítill hópur er hann sveigjanlegur og ef einhver kemst ekki finna þær annan tíma. Núna í nóvember ætla þær til dæmis að taka einn fund fyrir tvo mánuði, tvær bækur undir, Bíbí í Berlín og Mariubæn í Bagdad. Á þessu bókavali má sjá að þær eru ekki á neinni einni línu í bókavali þó sumar séu hrifnar af ævisögum og sögulegum skáldsögum en aðrar meira fyrir glæpasögur.

Hópurinn hefur misjafnar þarfir, sumar tengjast ekki góðri sögu nema hún sé á prenti, öðrum hentar betur hljóðbókaformið. Þess vegna setur hópurinn þær einu skorður í bókavali að þær séu bæði til á prenti og á hljóðbók.

Hópurinn hefur prófað ýmsar aðferðir við að velja bók. Hægt er að fara í þemalestur, velja höfunda, taka fyrir bókmenntastefnur og allt milli himins og jarðar. Þær í bókaklúbbnum byrja kannski mjög skiplega á einhverri fyrir fram ákveðinni bókaröð en skipulagslög ná ekki fyrir þær svo þetta vill riðlast fljótt. Oftast er það því þannig að þær velja sér bók í facebook spjalli í upphafi „starfsársins“ og svo kemur einhver með hugmynd að þeirri næstu á hverjum fundi. „Ef það gerist ekki enda ég á að fletta í Bókatiðindum og finna áhugaverða titla og sting upp á þeim við hópinn“ segir Ásdís. „Það hefur auðvitað stundum sýnt sig að það er ekki gott að dæma bók eftir kápunni eða titlinum. Síðan ef við fréttum af áhugaverðri bók sem ekki eru til á hljóðbók fer hún bara á biðlista þar til sú útgáfa er í höfn.“

Á bókafundum hópsins er auðvitað talað um bækur. Einnig drekkur hópurinn kaffi eða te og borðar súkkulaði ef einhver man eftir að hafa það með sér. Ef það gleymist bjargar Ingibjörg því oftast. Hún hefur hingað til lagt þeim til fundarstað. Á fundunum ræðir hópurinn um trúverðuga sögumenn í bókum, persónusköpun, sjónarhorn og söguvið, leiðindi og skemmtun við bóklestur. Ekki endilega allt þetta á einu og sama kvöldinu. En þær enda alltaf á að ræða landsins gagn og nauðsynjar og hvaða góðu bækur þær hafa lesið fyrir utan skyldulesninguna milli funda.

Aðspurði hvort einhverjar bækur hafi slegið meira í gegn en aðrar svarar Ásdís að Eyjan undir sjónum eftir Isabel Allende hafi fengið almennt góðar undirtektir, Glæpur við fæðingu eftir Trevor Noah líka og svo Skrifað í stjörnurnar eftir John Green. Ásdís vill í framhaldi meina að ekki sé hægt að segja það sama um Mánastein eftir Sjón og Kláða eftir Fríðu Ísberg. Eftir að hafa lagt þær inn á leslistann var hún dæmd til ævisagnalesturs.

Hópurinn mælir hiklaust með leshringjum eða bókaklúbbum sem þessum. Kosturinn við þá er auðvitað fyrst og fremst félagsskapurinn. „Fólk sem hefur áhuga á bókmenntum er almennt skemmtilegra en annað fólk.“ En að öllu gamni slepptu, þá finnst hópnum ómetanlegt að geta talað um bækur í góðum félagsskap, heyra mismunandi upplifanir ólíkra einstaklinga á einu og sama verkinu og þurfa stundum að líta út fyrir kassann og lesa bækur sem þær hefðu ekki dregið sjálfur út úr bókahillunni á safninu.

„Draumurinn er auðvitað að stækka klúbbinn, jafnvel hafa opna fundi eins og dæmi eru um annarstaðar á landinu og fá stærra bókasafn með lengri opnunartíma. Á höfuðborgarsvæðinu hittast leshringir t.d. í bókasöfnunum en þannig aðstaða er ekki í sjónmáli á Djúpavogi. Eflaust gætum við samt fengið einhver staðar inni ef hópurinn stækkaði.“ Áhugasömu fólk um bækur og bókmenntir er velkomið að mæta hjá klúbbnum án nokkurra skuldbindinga. Það er bara að hafa samband við einhverja af meðlimum hans og láta vita af sér. Má ekki bjóða fleirum að bætast í hópinn? Næst ætlar þær að lesa Sólrúnu eftir Sigurlínu Bjarneyju Gísladóttur.

**Á hvað ertu að hlusta, horfa, lesa?****Ásdís Hafrún Benediktsdóttir**

Þessa dagana legg ég stund á hámhorf á Cold Case þættina á Stöð 2. Afskaplega þægileg aðferð til að slökkva á heilanum á kvöldin. Ég var svo að leggja frá mér bókina Maríubæn í Bagdad eftir íraska rithöfundinn Sinan Antoon. Þetta er afar vel skrifuð saga sem sýnir okkur inn í veruleikann bak við fréttirnar. Saga um ofbeldi í nafni trúarbragða og um sorgirnar og þjáninguna sem af því hlýst. Hún dregur líka upp fyrir mig mynd af lífi þjóðfélagshóps sem ég vissi ekki að væri til í Írak og minnir á að lífið þar var með öðrum hætti um miðja síðustu öld. Ætli Vetrarhörkur eftir Hildi Knúts verði ekki fyrir valinu næst.

**Bergþóra Birgisdóttir**

Þessa dagana er ég að lesa Maríubæn í Bagdad eftir Sinan Antoon í þýðingu Karls Sigurbjörnssonar. Hlustaði á Bíbí í Berlín á hljóðbók fyrr í haust. Svo finnst mér voða gott að hlusta á gamla þætti á Rás 1 eins og Reykjavík bernsku minnar og Í sjónhendingu. Annars er Rás 1 á hjá mér svo til allan daginn. Víðsjá og Lestinn afskaplega góðir þættir.

**Ingibjörg Stefánsdóttir**

Ég hlusta mikið á hljóðbækur, aðalega fræði- og sögulegar skáldsögur. Ég reyni að finna allt um vesturfarana sem fóru frá Íslandi. Uppáhalds er Nýja Ísland og Annað Ísland eftir Guðjón Arngrímsson, mjög fróðlegar bækur. Það nýjasta sem ég er að hlusta á er Ævintýri og líf í Kanada og mín uppáhalds er Allt hold er hey. Ég horfi bara á fréttir í sjónvarpinu og ég hlusta ekki á hlaðvörp, þykir svo leiðinleg músík undir.

**Kristrún Björg Gunnarsdóttir**

Núorðið hlusta ég alfarið á bækur í stað þess að lesa þær. Ég hlusta mikið og stundum á fjórar bækur í mánuði. Nú er ég langt komin með Maríubæn í Bagdad eftir Sinan Antoon en hún er bók mánaðarins hjá okkur í bókaklúbbnum. Síðast var það Bíbí í Berlín sem ég er nýbúin að klára. Nokkrar bækur les ég aftur og aftur og fæ aldrei nóg af þeim. Þar ber helst að nefna bækurnar Konan í dalnum og dæturnar sjö eftir Guðmund G. Hagalín, Karítas og Óreiða á striga eftir Kristínu Mörju Baldursdóttir og Ertu vakandi herra Víkingur sem er lífssaga Þorleifs Víkings. Hvað hlaðvörp varðar þá hef ég ekki enn komist upp á lag með að hlusta á þau. Ég á það inni. Ég geri mikið af því að prjóna á meðan ég horfi á sjónvarpið og þykir mér því voða gott að horfa á íslenska þætti þar sem ég get prjónað og horft/hlustað á sama tíma. Það er undantekning að ég missi af Kiljunni enda einn af mínum uppáhalds þáttum. Annars horfi ég ekki mikið á framhaldsþætti. Ég horfi gjarnan á Landann, og mikið á N4. Þættirnir Að Austan og aðrir þættir Maríu eru í miklu uppáhaldi. Svo horfi í dálítið á Hringbraut og þá sérstaklega á þátt Sigmundar Ernís Mannamál.

**Guðrún Sigríður Sigurðardóttir**

Ég er nýbyrjuð að hlusta á hljóðbókina Dauðaleit eftir Emil Hjörvar Petersen og heyrir mér hún vera fin. Þegar ég er að ganga finnst mér gott að hlusta á hlaðvörp og verða þá helst fyrir valinu Heilsuvarpið, 360 Heilsa, Límónutréd og Helgaspjallið.

Ég er að horfa á Let the right one in í Sjónvarpi Símans sem er vampírumynd en mér finnst mjög gaman að horfa á þær sérstaklega ef þær gerast á mismunandi tímum. En þessi er ekki svoléiðis heldur gerist hún í nútímanum og er um 12 ára gamla stelpu sem er vampíra en pabbi hennar er að reyna að finna lækningu. Á Netflix er ég að horfa á Seinfeld og Deadwind sem er finnskur sakamálaþáttur. Þetta er þriðja þáttaröðin og er best að horfa á þá á finnsku og vera með texta. Annars finnst mér langskemmtilegast að horfa á norræna sakamálaþætti eða myndir og þá helst að vera búin að lesa bókina áður.

Ég er alltaf með nokkrar bækur á náttborðinu og finnst gott að lesa áður en ég fer að sofa. Núna eru það 10 mínútur og 38 sekúndur í þessari undarlegu veröld eftir Elif Shafak og Syndaflóð eftir Kristína Ohlsson. Mér finnst norrænar sakamálasögur langskemmtilegastar og les mikið að þeim. Nú er aldeilis gósentíð hjá mér þar sem það koma svo mikið að íslenskum sakamálum út fyrir jólin.



# FRÁ ÍBÚASAMTÖKUNUM

Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita voru stofnuð 22. september 2021 á fundi í Löngubúð þar sem fundargestir komust að þeirri niðurstöðu að þörf væri á íbúasamtökum í samfélaginu.

Í fyrstu stjórn félagsins voru Ester Sigurðardóttir, Íris Birgisdóttir, Ólöf Vilbergsdóttir, Sigurður Ágúst Jónsson og Skúli Heiðar Benediktsson.

Í upphafi var gert átak í að ná til íbúa og skapa vettvang til samskipta. Á facebook var búinn til hópur Þrætusker þar sem íbúasamtökin geta náð til íbúa og íbúar geta komið fram með málefni. Samtökin vildu líka ná til þeirra sem ekki eru á facebook og var því komið upp hugmyndakassa í Kjörbúðinni sem hefur verið vel notaður.

Í nóvember 2021 stóðu samtökin fyrir íbúafundi um Verndarsvæði í byggð á Djúpavogi þar sem forsvarsmenn Múlaþings sátu fyrir svörum og miðluðu upplýsingum varðandi verndarsvæðið. Fundurinn var vel sóttur og greinilega nauðsynlegur. Á fundinum kom fram að lögum samkvæmt ber að endurskoða Verndarsvæði í byggð á fjögurra ára fresti, að loknum

sveitarstjórnarkosningum. Ef vilji er fyrir því að reyna að knýja fram

breytingar/endurskoðun á skilmálum verndarsvæðisins þá verður að koma þrýstingur frá bæjarbúum til þess að af því verði. Með þessum fundi og þeim umræðum sem þar fóru fram telja samtökin að í ljós hafi komið ástæða til endurskoðunar. Nú stendur yfir endurskoðun á verndarsvæðinu og Múlaþing ætlar að halda fund með íbúum.

Í nóvember 2021 var svo haldinn íbúafundur þar sem farið var yfir þær ábendingar og hugmyndir sem borist höfðu í hugmyndakassann. Sígtað var út á þessum fundi hverju íbúasamtökin ættu að beita sér fyrir. Einnig var sett upp kosning á Þrætuskerinu hvað brennur mest á íbúum.

Í kjölfarið hefur formlegt erindi verið sent á rekstraraðila verslunarhúsnæðisins við Búland og óskað eftir að ljósaskilti séu framvegis höfð úpplýst.



## Kæri söfnuður!

**Blessunaróskir um gleðileg jól gæfuríkt komandi ár.  
Með þakklæti fyrir farsælt samstarf og allar góðar samverustundir.**

### 27. nóvember

Fyrsti sunnudagur í aðventu – Fjölskyldustund í kirkjunni kl. 14.  
Helgileikur, kveikjum á fyrsta kertinu á aðventukransinum. Syngjum jólalögin.  
Kakó og piparkökur eftir stundina. Þeir sem vilja geta skreytt piparkökur.  
Sköpum gott samfélag, athugið þetta er fyrir fólk á öllum aldri.

### 3. desember

Aðventutónleikar í Djúpavogskirkju kl. 16.  
Kór Djúpavogskirkju syngur undir stjórn Guðlaugar Hestnes.

### 11. desember

Guðsþjónusta í Berufjarðarkirkju kl. 14.

### 24. desember

Aftansöngur í Djúpavogskirkju kl. 17.

### 26. desember

Jólamessa á öðrum degi jóla á Hofi í Álftafirði kl. 14.

Svo skall covid á okkur af fullum þunga svo lítið fór fyrir starfi samtakanna framan af ári.

Í september var aðalfundur íbúasamtakanna þar sem ýmis mál voru tekin fyrir.

- Fundargestir voru sammála um mikilvægi þess að byggja húsnæði sem hentaði heldri íbúum á svæðinu. Hugmynd var velt upp um að setja saman starfshóp sem kannaði hvaða kostir væru fýsilegastir í þeim efnum; hvernig staðið hefur verið að því annars staðar og hver þörfin er hér. Íbúasamtökin stefna á vinnufund þar sem málið verður tekið fyrir og unnið áfram.
- Umræða um hvernig staðið hefur verið að ákveðnum framkvæmdum í þorpinu án samráðs/upplýsinga til íbúa, samanber t.d. vinnslu á listaverkinu á veggnum við Kallabakka. Fundargestir voru sammála um að þeim finnst óþægilegt að gerðar sé stórar breytingar á ásýnd bæjarins án þess að fram fari nokkurt samtal við íbúa um hvað þeim hugnist eða í það minnsta upplýsingar veittar um hvað standi til að gera ef ekki á að hafa samráð við íbúa. Ákveðið var að Íbúasamtökin taki að sér að senda formlegt erindi á sveitastjórn Múlapings þess efnis að íbúar svæðisins vilji að verkferlar séu endurskoðaðir. Á næsta heimastjórnarfund eftir þennan íbúafund lagði heimastjórn áherslu á að upplýsingagjöf til íbúa sé regluleg og markviss. Bókað var að heimastjórn á Djúpavogi beini þeim tilmælum til stofnana og sviða innan sveitarfélagsins að fyrirhugaðar framkvæmdir, viðburðir og annað sé kynnt tímanlega og með greinagóðum hætti.
- Ákveðið var að samtökin sendi erindi á Landsbankann og komi fram óskum íbúa um að hafa hraðbanka aðgengilegan allan sólahringinn.
- Til umræðu voru einnig umgengni í gamla Djúpavogshreppi og salernisaðstaða og hreinlætismál við bensínstöð N1 og verslunarhúsnæði. Ákveðið að Íbúasamtökin sendi formlegt erindi á N1 og Kjörbúðina og krefjist úrbóta.

Á fundinum gekk Sigurður úr stjórn og Eygló Valdímarsdóttir hefur tekið hans sæti.

Á síðasta Cittaslow sunnudaginn stóðu samtökin fyrir flóamarkaði og til stendur að hafa flóamarkað annað kastið.

Við viljum vera jákvætt afl í samfélaginu sem þrýstir á stjórnvöld og fyrirtæki en fyrst og fremst viljum við virkja kraft íbúa til að gera samfélagið betra. Það getum við gert með því að standa fyrir flóamörkuðum, hreinsunum og öðrum samkomum.

Endilega sendið okkur línu í hugmyndakassann í Kjörbúðinni ef þið eruð með góða hugmynd eða ábendingu sem þið viljið að við beitum okkur fyrir.

Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita.

**NIELSEN**  
RESTAURANT

*Danskt jóla-hygge  
eins og það gerist best!*

**Opið frá kl.18:00**

**2. & 3. des**  
**9. & 10. des**  
**16. & 17. des**

**Danskt jólasmurbrauð, jólasíld,  
jólabjór og ískaldir snapsar**

**AFGREIÐUM SMURBRAUÐIÐ LÍKA Í TAKE AWAY**  
pantanir á [info@nielsenrestaurant.is](mailto:info@nielsenrestaurant.is)

**Borðapantanir á [www.nielsenrestaurant.is](http://www.nielsenrestaurant.is)**  
Fyrirspurnir fyrir hópa sendist á [info@nielsenrestaurant.is](mailto:info@nielsenrestaurant.is)



# YFIR VATNAJÖKUL

## Aðdragandi

Skömmu fyrir jólin 2021 skráði ég mig í þriggja daga ferð yfir Vatnajökul. Vatnajökull, stærsti jökull í Evrópu að rúmmáli. 7.900 km<sup>2</sup> af snjó og ís, kaldasti staður Íslands, sem ég hef ótal sinnum keyrt framhjá og horft á hrikalega skriðjökla velta fram á milli fjallanna á Suðausturlandi. Áhuginn var jú til staðar, frelsistilfinningin sem fylgir skíða og fjallmennsku er engu lík en þetta var reyndar miklu stærri og lengri ferð samanborið við dagsferðirnar sem ég hafði áður prófað. Þar sem mögulega hlýnar um 3°C næstu 50 árin, jöklarnir eru að hopa og hverfa, þá voru eiginlega síðustu forvöð að fara í svona ferð. Það væri nú líka ekki ónýtt að geta slegið um sig í finum kokteilboðum með því að segja „jah, ég hef nú skitið á Vatnajökli“. Ég ákvað því að skrá mig í þessa ferð, afleiðingunum yrði ég að taka seinna, ég á skíði, skíðaskó, skíðastafi, sólglæraugu og vettlinga. Það kemur mér nú eitthvað áleiðis.

Í febrúar þegar frost var úti og snjófjúk hugsaði ég með mér „þetta er gott veður í samanburði við það sem verður á Vatnajökli þegar ég verð þar að reyna að tjalda“, króklöppinn á höndunum, með klakatröngla á augnhárum og skeggbroddum. Það fór um mig hrollur, mér var strax orðið kalt. Og næturnar, að sofa í tjaldi uppi á jökli, ég taldi allar líkur á því að mér myndi ekki koma dúr á auga vegna kulda og að ég yrði aðframkominn af svefnleysi og þreytu þegar ferðinni lyki. Í bókinni Í ríki Vatnajökuls eftir Hans W: Son Ahlmann, nefnir höfundur að þegar hann ásamt Jóni Einarssyni voru á leið í Vatnajökulsleiðangur árið 1936, þegar þeir voru staddir um borð í varðskipi á leið til Hornafjarðar þaðan sem þeir lögðu svo af stað í leiðangurinn, hafi Einar Einarsson skipherra sagt við þá „ætlíð þið yfir Vatnajökul? Jæja, þá komið þið ekki lifandi aftur, hvorki þið né hundarnir, því að Vatnajökull er helvíti á jörðu“. Kvíðinn fyrir ferðinn jókst smátt og smátt eftir því sem vikurnar liðu. Svo komu fréttir af því, ekki einu sinni heldur tvisvar, að kalla hefði þurft út björgunarleiðangur til að sækja aðframkomna ferðalanga sem voru á leið sinni yfir jökulinn í kolvitlausu veðri. Ekki mátti tæpara standa þegar þeir fundust á lífi og voru fluttir með þyrli til Reykjavíkur. Og fólk fór að spyrja „er þetta ekki hættulegt? Það er allt út í sprungum þarna“ og fór að rifja upp fréttir af því þegar kona steig út úr bíl í Langjökulsferð og féll þá ofan í sprungu og dó en sonur hennar sem féll líka í sprunguna bjargaðist en varð að dvelja lengi á spítala. Þetta auðvitað styrkti mig í trúnni á það að ég þyrfti að fara í þessa ferð og sigrast á þessum áskorunum.



Svo kom að því að huga þurfti að því að ná saman meiri búnaði. Arnfinn ferðafélagi minn var búinn að tilkynna að hann myndi leggja til púlku og tjald. Það myndi spara mér ófáar krónurnar. Síðan var Ólafur Áki Ragnarsson svo góður að lána mér fatnað og bakpoka sem hann hafði notað í sínum ferðum á Mont Blanc og Aconcagua í Argentínu. Okkur var ráðlagt að taka með svefnpoka sem væru gerðir fyrir að minnsta kosti -15°C þannig að ég fór að skoða gamla svefnpokann minn en hann var gerður fyrir -2°C. Það var því ekki um annað að ræða en að kaupa svefnpoka til að freista þess að sleppa mögulega við að frjósa í hel að næturlagi upp á jökli. Leið mín lá í Fjallakofann í Reykjavík og þar tók hún Þóra á móti mér. Hún fór með mér í gegnum alls kyns tæknileg atriði varðandi útivistarfatnað og ég fór út með fulla poka og léttari þyngju.

Þegar ég tók búnaðinn upp úr pokunum og lagði það sem ég fékk frá Óla í púkið sá ég að mögulega gæti ég varist kuldanum auk þess sem veðurspáin var mjög hagstæð. Kvíðinn hvarf og við tók spenningur og eftirvænting.

## Fimmtudagur 26. maí

Á fimmtudegi var lagt af stað og stefnan sett á Gerði í Suðursveit þar sem átti að gista um nóttina og halda svo á jökulinn morguninn eftir. Veðurspáin var stórfín, litill vindur, bjart og hiti í kringum frostmark. Konan í afgreiðslunni, talaði ekki íslensku, reyndar talaði hún eiginlega ekki neitt, og brosti ekki heldur og virtist almennt ekki hafa gaman af lífinu. Hún rétti okkur þegjandi einn lykil „erum við saman í herbergi?“ spurði ég konuna sem vann í afgreiðslunni. „Já“ svaraði hún stutt og laggott.

Við Arnfinn litum á hvorn annan „Ef við erum að fara að gista saman í litlu tjaldi þá er svo sem alveg eins gott að byrja að venja sig við strax“ sagði Arnfinn þegar við gengum upp tröppurnar. Svo köstuðum við töskunum inn í herbergið, sem var lítið og einfalt, þó var pláss fyrir tvö rúm og einn stól en ekki meira en það. Við stöldruðum því stutt við þar og fórum niður til að fá okkur einn ískaldan bjór fyrir ferðina. Við borð út við glugga sat stúlka sem leit út fyrir að vera að bíða eftir einhverjum og í ljós kom að þetta var Kristín sem var að fara í sömu ferð og við. Fljótlega birtist önnur kona, sú var með hanakamb, á annan tug hringja í eyrunum, og þrjá í nefinu, með húflúr á handleggjum og hálsi. Þetta var Tína sem var líka að fara í ferðina. Næst komu fararstjórnarnir Þrír, Örvar, Guðrún og Guðrún og á sömu mínútu birtust hjónin Gunnsteinn og Eygló. „Eru þá allir komnir“ spurðu fararstjórnarnir, „við ætlum að hafa örstuttan fund og fara yfir planið“. „Nei, það vantar einn. Franz. Hvar er Franz?“ Nokkru síðar kom hvítur Duster þjótandi inn á planið og skransaði inn í bílastæðið. Franz var kominn. Svo var farið yfir helstu atriði varðandi tilhögun ferðarinnar og svo var gengið til náða. Ég sofnaði við að fylgjast með dordinglinum sem spanns sinn vef niður úr loftinu í herberginu.

### Föstudagur 27. maí

Á föstudagsmorgni vöknuðu allir hressir og fengu sér góðan og orkuríkan morgunverð. Síðan var ekið austur að Smyrlabjörgum þar sem við hittum fyrir bílstjóra á tveimur fjallajepum sem ætluðu að skutla okkur norður í Kverkfjöll. Þetta voru Þorkell frá Höfn og Ingólfur frá Breiðdalsvík. Síðan ókum við eins nálægt jöklinum og við gátum á okkar eigin bílum en þegar við vorum komin að snjólinunni stoppuðum við þar sem einkabílnir komust ekki lengra og því var hafist handa við að færa búnaðinn yfir í breyttu jeppana.

Franz fór að róta í skottinu á Dusternum og virtist nokkuð áhyggjufullur.

„Franz er ekki allt í lagi?“ - „Jah, ég finn ekki skíðaskóna, ég er ekki viss um að ég hafi tekið þá með“. Áfram rótaði hann og opnaði svo afturhurðina farþegamegin og rótaði. Fór svo bílstjórarnir og stakk höfðinu þar inn, kom svo til baka sigri hrósandi með skóna. - „Fann þá!“, gall í honum þegar hann lyfti þeim upp sigri hrósandi.

Svo var ekið upp á jökul og haldið í norðurátt eftir slóð sem jöklarannsóknarfélagið hafði skilið eftir sig. Jepparnir nálgudust nú Kverkfjöll og óku niður í átt að hverasvæðinu. Færið versnaði og brattinn jókst og bílstjórnarnir mátu það þannig að ekki væri óhætt að fara á bílum lengra vegna aðstæðna. Því var ákveðið að láta staðar numið og búnaðurinn var tekinn út. Við horfðum á bílana snúa og aka í burtu. Klukkan var orðin þrjú síðdegis og nú höfðum við engan að treysta á nema okkur sjálf til að komast til baka yfir jökulinn.

Ákveðið var að hefja ferðina á að skoða háhitasvæðið í Kverkfjöllum og freista þess að komast í skála Jöklarannsóknarfélags Íslands og mögulega skrifa í gestabókina þar. Þetta var um kílómetra löng leið og voru púlkurnar skildar eftir og skíðað af stað niður brekkuna í áttina að hverasvæðinu. Arnfinn tók af stað niður á við og tók fagmannlegar beygjur með svokallaðri Telemark aðferð en fólkið stóð eftir og dáðist að leikni hans á skíðunum. Enginn annar leiðangursmaður bjó yfir þessari tækni en við hin notuðum gamla góða plóginn til að fíkra okkur stíðbusalega niður á við. Brekkurnar voru allar í litlum hólum og snjórinn til skiptis stamur og háll. Kjörastæður til að missa jafnvægið og detta, enda fengu allir að reyna það að kútveltast einu sinni eða oftar. Arnfinn sveif hins vegar mjúklega niður en skyndilega missti hann jafnvægið og datt. Þegar hann stóð upp aftur hélt hann á tveimur mjóum stubbum í hendinni. Báðir skíðastafirnar höfðu brotnað. Á gönguskiðum skipta skíðastafirnar gríðarlega miklu máli þar sem þeir eru notaðir til að ýta sér áfram og ná meira rennsli. Nú voru góð ráð dýr. Hann átti eftir að skíða yfir allan Vatnajökul og búinn að missa skíðastafina, það yrði ekki auðvelt að koma sér yfir jökulinn án stafanna. „Ég tók með strigateip, það er í nestiskassanum“, kallaði ég til hans þegar ég renndi mér, að mér fannst tignarlega, framhjá honum í plóginum. - „Já ég ætla að fara til baka og reyna að gera við“.



Áfram héldum við hin og gátum virt fyrir okkur hrikalegt hverasvæðið þar sem tókust á eldur og ís, eða öllu heldur jarðhiti og jökull. Gufuna frá hverunum lagði yfir jökulinn og þegar við fíkrúðum okkur í áttina að kofa jöklarannsóknarfélagins bættist við þoka þannig að skyggnið var örfáir metrar. Að lokum var ekki talið óhætt að fara lengra þar sem þverhnýptir jökulveggir sem lágu beint niður að hverasvæðinu voru á báðar hendur. Því var snúið við upp brekkuna og við vorum búin að fá okkar skammt af stórbrotinni náttúru Kverkfjalla. Þegar við komum aftur að púlkunum hittum við Arnfinn en hann hafði þá notað teipið til að búa til einn staf úr tveimur þannig að hluti af einum staf var notaður sem spelka en hann hafði líka haft auka staf með sér og var því tilbúinn til að skíða af stað í þeirri von að viðgerðin myndi halda. Svo var skíðað af stað til vesturs til þess að sneiða hjá sprungusvæði suður af Kverkfjöllum. Í ljós kom að Franz hafði einu sinni áður farið á skíði, hann hafði skráð sig í þessa ferð og nokkru síðar keypti hann sér skíðin. Honum gekk nú samt alveg ágætlega verð ég að segja. Færið var stórfínt og við skíðuðum í sex klukkustundir, fram til rúmlega níu um kvöldið. Þá var stoppað og slegið upp tjaldbúðum og hafist handa við matargerð og frágang fyrir nóttina.

Mér fannst dýnan sem ég ætlaði að sofa á fullþunn og ekki líkleg til að veita góða einangrun frá snjónum undir tjaldinu en það var ekki um annað að ræða en að láta á það reyna. Svo var farið í náttföt og skriðið ofan í svefnþoka um ellefuleytið. Ég kveið því að ég myndi kannski ekki sofna vegna kvíða yfir því að sofna ekki vegna kulda. Mér var samt alls ekki kalt og ég sofnaði fljótlega enda bætir útivist svefngæði margfalt.



### Laugardagur 28. maí

Ég vaknaði klukkan hálfátta við vinalegt suðið í prímusnum og mín beið rjúkandi heitt kaffi og hafragrautur sem Arnfinn var búinn að útbúa. Ég var sem sagt á lífi eftir þessa fyrstu nótt á jöklinum og hafði sofnið yfir mig í þokkabót. Ég var lifandi feginn að hafa sofnið eins og ungabarn og var vel úthvildur og tilbúinn í daginn. Tjaldið var hrímað að innan en frostið um nóttina var einar 5 eða 6 gráður. Hafragrautur hefur sjaldan bragðast eins vel og þegar búið var að taka saman og pakka á púlkuna var haldið af stað. Eftir heimkomuna fengum við þær fréttir að einmitt þegar við vorum að gæða okkur á hafragrautnum hafi orðið stór jarðskjálfti upp á 4,4 á Richter í Bárðarbungu sem var þarna skammt frá okkur. Enginn í hópnum varð hans var þó að við höfum nánast setið ofan á honum.

Svo voru skíðin spennt undir og lagt í hann. Hvert einasta skref var hreinasti unaður. Náttúran bauð aðeins upp á tvo liti, bláan og hvítan. Veðrið var fullkomið, hægur andvari, hvergi var ský að sjá á heiðbláum himninum og hvít slétt auðn svo langt sem augað eygði. Í suðri bar hvíta bungu við himin, Breiðabunga. Ég áætlaði að við myndum ná þangað á svona um það bil einni klukkustund. Hvítur jökullinn minnti á eyðimörk og sterk sólin og endurkastið frá jöklinum virtist ætla að verða okkar helsti óvinur en allir voru vel smurðir með sólarvörn. Að baki okkar voru Kverkfjöll, Herðubreið í fjarska í norðri og Snæfell í austri ásamt Goðahnjúkum. Á klukkutíma fresti var stoppað til að drekka, nærast og hvílast og svo var haldið áfram. Í hverju stoppi lagði Franz sig á púlkuna og sofnaði en þegar var gengið tók hann alla jafna 45° stefnu skáhallt burt frá hópnum en áttaði sig þegar hann var kominn nokkur hundruð metra og sneri þá en rétti ekki af stefnuna fyrr en hann var kominn álíka langt frá okkur hinumegin. Líklega hefur hann gengið tvöfalt lengra en flestir í hópnum með þessu göngulagi. Eftir níu klukkutíma göngu höfðum við lagt að baki um 27 kílómetra og enn virtist Breiðabunga vera jafn langt í burtu og þegar við hófum ferðina. Aftur var slegið upp tjöldum og eldað. Franz virtist vera nokkuð eftir sig eftir göngu dagsins en í ljós kom að það var ekki vegalengdinni að kenna, heldur hafði hann ekki haft neitt að drekka. Hann hafði í misgripum tekið með sér vatn sem hann hafði eldað kjötbollur í og var ódrekkandi. Hvernig tekur maður kjötbolluvatn í misgripum fyrir ferskt vatn? Jæja, hann hresstist fljótt og svo mikið að hann tók fram einnota grill og grillaði sér lambakótilettur sem hann skolaði niður með dýrindis rauðvíni. Við gengum nokkuð snemma til náða þetta kvöld eða um tíuleytið enda var planið að taka næsta daga snemma, vakna klukkan sex og leggja í hann klukkan átta. Og nú myndi það koma í ljós hvort hinn góði svefn fyrri nóttina hefði verið einhver slembilukka og að þessi síðari nótt yrði hreinasta helvíti. Það væri þó bara einn dagur eftir og maður hlyti að hafa það af þó að nóttin yrði slæm. Þegar ég var búinn að liggja í þó nokkra stund sveif ég inn í draumalandið.

Það kom manneskja gangandi til mín með sjö mismunandi kokteila í sjö mismunandi glösum, haldandi á þeim í einni lengju eins og hún væri að spila á harmónikku. Þegar ég fattaði að mig væri að dreyma hugsaði ég „já, ok ég er að sofna. Þessi nótt verður kannski ekki svo slæm“ og svo leið ég út af hugsandi um þessa girnilegu kokteila.

### Sunnudagur 29. maí

Ég vaknaði við vekjaraklukkuna þegar hún hringdi klukkan sex. Ég var enn á lífi og hafði sofð alveg ágætlega. Himinninn var heiður og blár og sólin skein sem aldrei fyrr. Næturfrostið hafði gert snjóinn harðan og góðan til skíðagöngu. Planið var að leggja af stað klukkan átta og að loknum morgunverði tókum við saman dótið okkar og pökkuðum á púlkuna og vorum tilbúnir til brottfarar klukkan hálf átta. Hópurinn var hinsvegar tilbúinn klukkan hálf níu og þá var lagt í hann. Ég tók fyrstu dráttarlotuna með púlkuna okkar og arkaði af stað. Eftir um tíu mínútur var stoppað og fötum fækkað. Nú voru Herðubreið og Snæfell horfin en við blöstu Hvannadalshnjúkur, ásamt Sveinstindi og Þverfellsegg sem minnir á bakið á Kambeðlu (*Stegosaurus*). Loksins kom svo að því að við fórum að skíða upp Breiðubungu, bunguna sem við höfðum horft á allan daginn áður og virtist alltaf vera jafn stutt í burtu. Fljótlega var orðið það heitt að fólk fór að fækka fötum og þægilegast var að vera í einföldum buxum og stuttermabol. Nema Franz. Hann var í buxum og vindbuxum þar yfir, þremur lögum af peysum og úlpu utan yfir. Áfram var stoppað á klukkutíma fresti, drukkið og hlaðið á orkubirgðirnar. Þegar við vorum komin upp á hábunguna komu þrír snjósleðar og námu staðar spölkorn frá okkur. Ég tók mig út úr hópnum og í ljós kom að þarna voru á ferð leiðsögumaðurinn Laufey frá Hornafirði sem var með sleðaútgerðina ásamt tveimur erlendum ferðamönnum. Eftir stutt spjall var svo haldið áfram. Fljótlega eftir þetta fór að halla undan fæti og á sama tíma fór færið að mýkjast meira og meira. Brátt var það orðið svo að skíðin sukku niður í um þverhandarþykkt spor. Til að byrja með var þetta til þess að hægja aðeins á okkur en fljótlega komum við í snjósleðaspor þar sem snjórin var þjappaðri og með því að skíða í þeim var hægt að ná góðri ferð.

Þegar síðasta dráttarlotan mín hófst spurði Arnfinn áður en við lögðum af stað „treystir þú þér í brekkurnar sem eru framundan?“ - „Jú ég ætla nú að láta á þær reyna.“ - „Láttu mig vita ef þú vilt að ég dragi púlkuna niður það brattasta, ég hef gert þetta áður.“ Svo skíðaði hann af stað og ég sá hann ekki aftur fyrr en við vorum komnir langleiðina niður að bíl. Um svipað leyti sáum við til hafs í fyrsta skiptið í ferðinni og Vestra Horn og Höfn í Hornafirði birtust fljótlega. Fyrir mann úr sjávarplássi var það mjög notalegt tilfinning að sjá sjóinn. Nú fóru samt brekkurnar að verða brattari og því kom það sér vel hvað snjórin var mjúkur af því að það bremsaði okkur af í bröttustu brekkunum þannig að hraðinn varð ekki of mikill. Á einum stað þurfti fólkið að setja bremsutóg undir púlkurnar vegna bratta til að draga enn meira úr ferðinni niður. Okkar púlka var öðruvísi og þannig útbúin að sá sem var púlkulaus átti að halda í spotta aftan á henni og stoppa hana svoleiðis af. En Arnfinn var farinn svo að ég hafði ekki annan kost en að reyna að fara niður án þess að hafa bremsuna. Með því að taka tvær víðar beygjur efst gat ég komið mér nægilega langt niður til þess að óhætt væri að renna niður seinni hluta brekkunnar og það tókst með ágætum þó hraðinn væri þó nokkur. Við höldum okkur í snjósleða fari sem var aðeins inn á jöklinum og Örvar leiðsögumaður fylgdist hugsandi með kortinu. Allt í einu skíðuðum við yfir mjóa sprungu og hann tók níutíu gráðu beygju í átt að snjósleðasporum sem voru þar spölkorn frá. Við höfðum sem sagt verið of nálægt sprungusvæði en samkvæmt kortinu var öruggara að vera á sporunum sem við færðum okkur yfir á. Nú kláruðum við þær brekkur sem eftir voru og brátt vorum við komin yfir jökulinn og á autt svæði. Þegar ég steig aftur á auða jörð var það líkast því að stíga á land eftir að hafa verið á sjó. Níu klukkutíma göngu þennan daginn var lokið og þar með var ferðinni lokið. 72 kílómetrar að baki og Vatnajökull sigraður. Eftir svona ferðalag finnst manni maður geta allt. Enn hefur ekki verið nefnd sú sælutilfinning sem fylgir því að vera síma og netsambandslaus í þrjá daga. Tilfinningin var svo góð að ég tímdi ekki að kveikja á símanum fyrr en um kvöldið þegar ég kom heim og jafnvel þá fékk ég mig ekki til að fara á netið til að lenda í því ruslaflóði sem þar er að finna. Svo var gott að komast heim og inn í hús með veggjum, þaki, rennandi vatni og rafmagni. Þvílíkur lúxus. Þegar ég hafði komið farangrinum inn gekk ég út á pall, dró andann djúpt, horfði til fjalla og hugsaði, það er nú svolitill snjór upp á Öxi ennþá, kannski er hægt að kíkja á skíði í vikunni.

Kristján Ingimarsson



### Frá Bókasafni Djúpavogs

Á föstudögum á aðventu verður sérstakur opnunartími fyrir eldri borgara þar sem hægt verður að koma saman og eiga huggulega stund.

Boðið verður upp á upplestur nemenda í Djúpavogsskóla og nemenda í Tónlistarskóla Djúpavogs.

Föstudagurinn **2. desember** 10:00- 12:00

Föstudagurinn **9. desember** 10:00-12:00

Föstudagurinn **16. desember** 10:00-12:00

# SÖGUR FRÁ ÖLDU SNÆBJÖRNSDÓTTUR

Bóndavarðan leitaði nú, sem stundum áður, til Öldu Snæbjörnsdóttur þjóðfræðings og rithöfundar eftir góðum jólasögum frá Djúpavogi og nágrenni. Fær hún bestu þakkir fyrir. Alda deilir með lesendum tveimur sögum eða ævintýrum, en þau síðarnefndu vill hún meina að sé sá hluti af staðbundnu sagnamenningunni sem hefur svolítið fallið í gleymsku í tímans rás. Fyrri ævintýrið er um Búkollu sem hverfur á jólanótt, og hefur ekki birst á prenti svo vitað sé. Sögumaðurinn er Guðrún Antonía Jónsdóttir sem var fædd og uppalin á Núpi. Það síðara er um jólasvein sem vill fá nýja skó fyrir jólin eins og aðrir á heimilinu, og er tekið úr bókinni Tröllaspor II. Sú saga er úr Breiðdal.

## Af Búkollu

Það var á jólanóttina að allir fóru til kirkju. Það voru víst ekki nema karl og kerling og strákurinn í kotinu. En strákurinn átti að passa Búkollu, því hún átti að eiga kálf um nóttina, og hann átti að bera salt á kálfinn þegar hann væri fæddur. En einhvern tímann á jólanóttinni bar Búkolla og meðan strákurinn var að ná í saltið kom tröllskessa og tók Búkollu og kálfinn líka og hann hafði ekkert eftir.

Svo skældi aumingja strákurinn sem von til var.

Svo komu nú karl og kerling frá kirkjunni um morguninn og þá er engin Búkolla á básnum og þau verða mikið vond við strákinn og kerlingin hún ber út nesti og nýja skó fyrir strákinn og segir honum að fara af stað.

Nú varð hann að fara af stað og leita að Búkollu. Svo heldur hann áfram lengi og svo kemur hann að hól og þar fer hann nú að fá sér nestisbita. Baulaðu nú Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar nærri og þá heyrði hann baulað í fjarska.

Svo heldur hann áfram.

Þetta gengur þrisvar, að hann nefnir Búkollu og biður hana að baula. Seinast er hann kominn að stórum hól og þá sest hann niður og endurtekur baulaðu nú Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar nærri. Þá er baulað í hólum.

Það var skjágluggi í hólum og hann fer að gægjast og þá sér hann inni tröllskessu sem sefur. En strákurinn er nokkuð duglegur að áræða að fara inn og sækja Búkollu og taka hana út úr fjósinu og fara með hana á stað.

Tröllskessan svaf nú fast og hún vissi ekkert hvað gerðist. En svo þegar hann er kominn nokkuð langt á veg með Búkollu, þá sér hann að nú dregur saman með tröllskessu og honum.



*Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári!*

## DESEMBER Í LÖNGUBÚÐ:

- 1.** Jólamarkaður kvenfélagsins kl. 17-19.  
Kjötsúpa, kaffi og nýbakað á boðstólum.
- 17.** Pubquiz frá kl. 20.30.
- 23.** Jólaglögg, sörrur og huggulegheit kl. 20-23.

*Hlökkum til að sjá ykkur.  
Starfsfólkið í Löngubúð.*



Nánari upplýsingar: sími 849-3439; tölvupóstfang: langabud@mulathing.is

Þá segir hann:

„Hvað á ég nú til bragðs að taka Búkolla mín?“ Þá segir Búkolla:

„Taktu hár úr herðakamb mínum og láttu það á jörðina, og legg ég á og mæli um að komi svo stórt fljót, að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi.“ Svo kom stórt fljót, en kerlingin dó ekki ráðalaus. Hún hljóp heim og sótti hundinn og lét hann drekka allt vatnið. Svo hélt hún af stað, en þá var nú strákur kominn nokkuð langa leið, en samt dró saman [með þeim]. Þá segir hann við Búkollu sína:

„Hvað á ég nú til brags að taka Búkolla mín?“

„Taktu hár úr herðakambi mínum og leggðu það á jörðina, og legg ég á og mæli um að það verði að svo stóru báli að ekkert komist yfir það. Þegar skessan kemur að bálinu kallaði hún] á hundinn og hann ældi öllu vatninu sem hann drakk og slökkti bálið.

Nú dró enn saman með skessunni og stráknum, og segir hann við Búkollu:

„Hvað á ég nú til brags að taka Búkolla mín?“

„Og taktu hár úr hala mínum,“ segir Búkolla, „og leggðu það á jörðina. Legg ég á og mæli ég um að það verði að svo háu fjalli, að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi.“ Og þetta gerðist allt. Þá segir tröllskessan:

„Það er ekki um [annað] að gera en að sækja borinn hans föður míns.“ Svo hleypur hún heim og sækir borinn og borar gat á fjallið. Þegar hún var búin að því og komast í gegn, hleypur hún enn af stað. En þá er hann kominn svo nálægt kotinu strákurinn, að hann gat komist inn fyrir túngarðinn með Búkollu og þar skildi með þeim.

(SÁM 89/1726). Sögumaður: Guðrún Antonía Jónsdóttir frá Núpi.

### Stekkil vantar skó

Það var alltaf siður að fólkinu var sniðið á fæturnar fyrir jólin, og það var ævinlega öruggt að hver maður átti að fá nýja bryddaða skó. Kona ein er að sníða bjór og hún er nú að halda að hún sé búin og segir svona við elstu dóttur sína: „Heillin mín ég held ég sé nú búin að sníða skóna.“ Þá heyrir hún að er sagt með heldur dimmri og eympdarlegri rödd fyrir neðan stigann: „Stekkil vantar skó.“ Nú, konan lætur sér ekkert bylt við verða og segir: „Hvernig eiga þeir þá að vera?“ „Og kringlóttir eins og kjaraldsbotn og engin á tain, og engin á tain.“ Hún snarast fram, sækir bjór, sker af honum alla skæklana svo hann verður kringlóttur og hendir honum svo fram og segir: „Þarna eru þeir þá.“ En sögumaður ímyndar sér að líklega hefðu bjórarnir orðið að vera tveir, því líklega hefur hver jólasveinn tvo fætur, en þetta var jólasveinn.

(Alda Snæbjörnsdóttir Tröllaspor II, 2011:256/ SÁM 92/3130). Sögumaður: Friðfinnur Runólfsson Jórvík í Breiðdal.

Ice Fish Farm óskar íbúum gamla  
Djúpavogshrepps og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Þökkum samskiptin á liðnu ári





*Vit óskum viðskiptavinum okkar  
og austferðingum allan góðlegran  
jól og farsældar á komandi ári.*



**Hótel  
Framtíð**

Hótel Framtíð • [hotelframtid.com](http://hotelframtid.com) • 478 88 87

# SÁTTMÁLI SAMFÉLAGSINS UM UMFERÐARÖRYGGI

Það hefur líklegast ekki farið framhjá mörgum áhugi minn á umferðaröryggi; gangbrautum, gangstéttum og hraðahindrunum. Í raun er áhugi minn svo mikill að ég sendi Inga í heimastjórn. En þar eru víst málefni fleiri svo ég lét hann kaupa pensil og fötu af málningu og sendi hann af stað í gangbrautagerð!

En að öllu gamni slepptu þá er ég búin að vera mjög hugsí um öryggi okkar íbúa í umferðinni. Umræðan undanfarin ár hefur verið á þá leið að viðeigandi aðilar þurfa að hlusta á okkur íbúana, gera betur, bregðast hraðar við, framkvæma, skila árangri. Með öðrum orðum: stjórnvöld eða sveitarfélagið á að græja og gera! Ábyrgðin er þeirra – ábyrgðin er sveitarfélagsins, vegagerðarinnar eða lögreglunnar – ábyrgðin er á öllum öðrum en okkur. Eða hvað?

Í draumi mínum í vikunni útbjó ég sáttmála samfélagsins um umferðaröryggi – teiknaði á stórt veggspjald og gekk svo í hús, kynnti og allir íbúar Djúpavogs skrifuðu undir sáttmálann sem síðan var hengdur upp í búðinni. – Já svona eru mínir villtustu draumar og ég er ekki einu sinni að grínast.

En er þetta nokkuð svo galin hugmynd? Hvað ef við gerum okkur svona sáttmála? Hann þarf ekki að vera físiskur – áþreifanlegur – hann getur verið bara þessi orð í blaðinu okkar allra en fyrst og fremst sýnt sig í hegðun okkar:


Í draumum mínum var hann eitthvað á þessa leið:

## Sáttmáli um að samfélagið á Djúpavogi ætli að:


- o Huga að aksturslagi sínu – aldrei keyra hraðar en leyfilegur hámarkshraði
- o Tryggja að við séum öll með endurskinsmerki eða endurskin á klæðnaði í skammdeginu
- o Sjá til þess að börn 15 ára og yngri séu með hjálma á hjóli/rafmagnshlaupahjólum/hlaupahjólum – og foreldrar framfylgja því af festu og öryggi – og séu fyrirmyndir með eigin hjálmanotkun.
- o Muna að götur eru fyrir bíla og gangstéttir fyrir fólk – það einfaldlega passar ekki saman að börnin okkar þeysist um á sömu götu og flutningabílar, lyftarar, pallbílar, volvoar og yarisar.
- o Hafa börn í viðeigandi öryggisbúnaði í bíl, alltaf, þó ferðin sé stutt.
- o Vera spennt – alltaf!
- o Gera okkar besta til að vera til fyrirmyndar í umferðinni sama hvort að fararmátinn er vélknúinn eða tveir jafnfljótir.

Fleiri hraðahindranir, aukið eftirlit lögreglu, gangbrautir og gangbrautalýsing, lýsing á götunum og svo framvegis er allt úr okkar höndum og í höndum viðeigandi aðila sem ég trúi að vilji vinna verkin sín vel. Það eina sem við getum gert er að huga að því hvernig við tryggjum eigið öryggi í umferðinni því ef allir gera sitt besta erum við í toppmálum!

Jóhanna Reykjalin



## Björgunarsveitin Bára þakkar stuðninginn á árinu og góðar móttökur við sölu á Neyðarkalli.



Opnunartími flugeldasölu:

Föstudagur 30. desember kl 14-22

Laugardagur 31. desember kl: 10-15